



Íþróttafélagið Þór
Ársskýrsla
2023



EFNISYFIRLIT

Skýrsla aðalstjórnar	3
Handknattleiksdeild	7
Hnefaleikadeild	13
Knattspyrnudeild	17
Knattspyrnudeild Þór/KA	28
Körfuknattleiksdeild	33
Píludeild	43
Rafíþróttladeild	47
Taekwondodeild	49
Viðburðir	51
Íþróttafólk Þórs	52
Látnir félagar	54
Lög félagsins	58
Stjórnir deilda	64

Útgefandi og ábyrgðaraðili:

Aðalstjórn Íþróttafélagsins Þórs

Flestar af myndum ársskýrslunnar:

Páll Jóhannesson fyrir thorsport.is

Skapti Hallgrímsson fyrir Akureyri.net.

Ármann Hinrik Kolbeinsson

Íþróttafélagið Þór 2023

Allur réttur áskilinn

www.thorsport.is

Öll okkar nálgun í þessu samtali er uppbygging fyrir unga fólkið okkar. Bætt æfingaaðstaða fyrir yngri flokka félagsins er það sem við vinnum með og ætlum að bæta.



SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR

Aðalstjórn sú er tók við á aðalfundi félagsins á vordögum 2023 er skipuð eftirtöldum:

Nói Björnsson formaður, Ragnar Níels Steinson varaformaður, Unnsteinn Jónsson gjaldkeri, Þorgils Sævarsson ritari, Eva Björk Halldórsdóttir, Þóra Pétursdóttir, Íris Ragnarsdóttir, Sigurður Pálsson og Jakobína Hjörvarsdóttir. Jakobína sagði sig síðan frá stjórnarstörfum á haustdögum 2023 vegna flutnings suður á land. Einn hætti í stjórn félagsins á aðalfundinum 2023 en það var Ingi

Steinar Ellertsson. Þökkum við honum fyrir framlag hans til félagsins.

Þóra Pétursdóttir, formaður stjórnar 2022-23, gaf ekki kost á sér í formannsembættið áfram en tók í stað sæti í stjórninni. Sigurður Pálsson kom síðan nýr inn í stjórnina í stað Inga.

Hjá Íþróttafélaginu Þór eru 35 stöðugildi á ársgrundvelli og eru átta deildir innan félagsins.

Fastir fundir aðalstjórnar voru tveir í mánuði. Töluvert hefur verið fundað með stjórnnum deilda félagsins, aðallega til að fylgjast með

Frá hátíðarsamkomu í Hamri á 108 ára afmæli félagsins þann 6. júní 2023 þegar fjórir félagsmenn voru gerðir að heiðursfélögum ásamt því að fjölda félagsmanna var veitt gull-, silfur- eða bronsmerki. Mynd: Ármann Hinrik Kolbeinsson.



gangi mála og vera í sem bestum tengslum við sjálboðaliða er starfa innan félagsins. Skipta aðalstjórnarmenn þeim verkefnum á milli sín.

Verkefni aðalstjórnar eru margvísleg en aðalverkefni okkar sem stjórnar félagsins eru viðræður við Akureyrarbæ um uppbygginguna á félagsvæði okkar, uppbyggingu sem nær að sameina félagið okkar. Íþróttafélagið Þór er

með æfingaaðstöðu út um allan bæ og allt að 35% félagsmanna/iðkenda þurfa jafnvel aldrei að koma í félagsheimilið okkar allan sinn feril í íþróttum og sama má segja um alla þeirra aðstandendur. Það er mottó þessarar stjórnar að tryggja að hafist verði handa við að byggja íþróttahús við Hamar á kjörtímabilinu.

Öll okkar nálgun í þessu samtali er uppbygging fyrir unga fólkið okkar, bætt æfingaaðstaða fyrir yngri flokka félagsins er það sem við vinnum með og ætlum að bæta.

Að sjálfsögðu mun öll bætt aðstaða nýtast þeim eldri líka. Fyrir liggur að gervigras verði lagt

Við erum með miklar væntingar til núverandi bæjarstjórnar og horfum við til þess að byrja á grunni fyrir íþróttahúsi í lok þessa kjörtímabils vorið 2026.

á Ásinn og eiga þær framkvæmdir að hefjast á haustdögum 2024. Síðan koma þessar eilífu vangaveltur um hvað þarf meira til, til að við getum leikið okkar heimaleiki á þeim velli sem þarna verður settur niður þar til að aðalvöllurinn okkar verður settur gervigrasi.

Önnur mál sem vert er að geta hér er upplýfting á Hamri félagsheimilinu okkar.

Undanfarin ár hefur húsið verið tekið í gegn en þar sem mikil er umferð er viðhald eilífðarverkefni. Undirbúningsvinna að breytingum hefur verið í gangi í nokkra mánuði. Sama má segja um (Þórshöllina) Íþróttahöllina, heimavöll handboltans og körfunnar, þar hefur verið unnið að ýmsum málum en því miður hefur okkur ekki gengið vel að tryggja okkar fólki viðunandi aðstöðu fyrir þeirra starf nema að litlum hluta.

Orðunefnd félagsins vann góða vinnu á árinu fyrir afmæli félagsins, margir voru heiðraðir á afmælidegi félagsins þann 6. júní. Um 35 manns fengu afhent gullmerki félagsins, einnig voru afhent silfur- og bronsmerki. Fjórir heiðursfélagar bættust í hópinn hjá okkur. Virkilega ánægjulegt að sjá allan þann fjölda sem mætti í Hamar á þessum hátíðisdegi okkar.

Heilinn hugarþjálfun er einnig verkefni sem hefur verið í gangi hjá okkur og mun verða unnið með áfram. Fram undan er vinna við skipurit félagsins, alltaf koma af og til upp umræður um skipurit félagsins og þurfum við að setjast yfir það á næstu misserum hvort ástæða er til að breyta einhverju þar.

Ágæt umræða hefur átt sér stað um slagorðið

okkar DFK og er það vel, ef rýnt er í það er óhætt að segja að slagorðið okkar sé gríðarlega vel heppnað og munum við nýta okkur það enn frekar en áður.

Mikil vinna hefur verið í gangi frá síðustu sveitarstjórnarkosningum við að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri og upplýsa sveitarstjórnarfólk um aðstöðuleysi okkar.

Eins og áður hefur komið fram er okkur í aðalstjórn mikið í mun að sameina okkar félagsmenn enn frekar. Við erum með miklar væntingar til núverandi bæjarstjórnar og horfum við til þess að byrja á grunni fyrir íþróttahúsi í lok þessa kjörtímabils vorið 2026.

Stjórnin skipaði framkvæmdahóp fyrir félagið og hefur Ragnar varaformaður verið okkar lykilmáður þar eins og fram kom á félagsfundum okkar. Mikil vinna hefur verið í gangi frá síðustu sveitarstjórnarkosningum við að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri og upplýsa sveitarstjórnarfólk um aðstöðuleysi okkar. Einnig hefur verið mikil undirbúningsvinna varðandi skipulag á svæðinu öllu, þarfagreiningu og staðsetningu íþróttahússins og margt fleira.

Ýmsar sviðsmyndir hafa verið dregnar upp varðandi svæðið og næsta nágrenni. Það eru spennandi tímar fram undan hjá félaginu okkar. Stefnum við á að boða til annars félagsfundar á vordögum 2024 og upplýsa okkar fólk um stöðu mála.

Rekstur félagsins er og verður alltaf mjög krefjandi, árið 2022 var félaginu frekar erfitt þegar á heildina er litið en árið 2023 tók reksturinn kipp í rétta átt og niðurstaðan er mjög góð fyrir 2023. Í þessu umhverfi er þekking starfsfólks félagsins gríðarlega mikilvæg og njótum við þar mikillar gæfu.



Staða deilda félagsins er mjög misjöfn, sumar deildir eru að vinna við mjög krefjandi aðstæður meðan aðrar eru reknar með miklum ágætum.

Unglingaráð deildanna spila stór hlutverk innan félagsins og eru ráðin vel mönnuð og virkilega spennandi tímar framundan.

Lökendur hjá félaginu eru um 1.100 einstaklingar, töluverð fjölgun hefur orðið í körfunni hjá okkur og einnig í handboltanum.

Píludeildin hefur einnig vaxið mikið og er hún sú stærsta á landinu samkvæmt síðustu fréttum. Aðstaðan hjá deildinni er einstaklega vel heppnuð, en eins og víða annars staðar hjá okkur er deildin búin að sprengja aðstöðuna hjá sér og erum við að skoða alla möguleika til að stækka þeirra aðstöðu.

Unglingastarf píludeildarinnar er vaxandi og er það vel, mikill áhugi er á pílu eins og sést hefur og þar sjáum við hvað sjónvarpið áorkar

miklu við að lyfta upp íþróttagreinum.

Hnefaleikadeildin er í ágætri aðstöðu í Laugargötunni en þolir vel að fá meira pláss undir sitt starf. Nýkringdir

Starfsemin í rafíþróttadeildinni er einnig búin að sprengja utanaf sér húsnaðið eins og margar okkar deilda og er húsnaðis-skorturinn farinn að standa okkur fyrir þrifum þar eins og víða annars staðar.

Það er mikil gróska í starfinu hjá okkur heilt yfir og ánægjulegt að vera þátttakandi í því.

Að lokum langar aðalstjórn að þakka starfsfólki félagsins fyrir vel unnin störf á árinu.

Einnig viljum við þakka stjórnarfólki og öðrum sjálfboðaliðum fyrir samstarfið, óeigingjarna vinnu, elju og metnað. Að endingu þökkum við öllum samstarfsaðilum fyrir þeirra aðkomu að framgangi félagsins.

Áfram Þór alltaf alls staðar!

Aðalstjórn Þórs

Unglingaráð félagsins spila lykilhlutverk innan veggja Þórs og í dag eru þessi ráð mjög vel mönnuð og virkilega spennandi tímar fram undan.

HANDKNATTLEIKSDEILD



Skýrsla stjórnar handknattleiksdeildar Þórs fyrir starfsárið 2023-2024

Undanfarin ár hafa verið ár uppbyggingar hjá okkur og næstu ár spennandi þar sem ungir leikmenn eru að koma inn í meistaraflokkinn í bland við eldri og leikreyndari leikmenn.

Það er markmið deildarinnar að veita ungum leikmönnum tækifæri til að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki félagsins. Margir efnilegir leikmenn eru smám saman að fá stærra hlutverk með liðinu.

Leikmannahópurinn hjá okkur tók litlum breytingum á tímabilinu, í lok síðasta tímabils voríð 2023 fór Færeyingurinn Jonn Rói Tórfinnsson heim og þar með voru engir erlendir leikmenn í liðinu og við hófum nýtt tímabil þar sem heimamenn voru í fararbroddi.

Ekki var mikil breidd í leikmannahópnum en að sama skapi opnuðust tækifæri fyrir yngri leikmenn liðsins

að fá dýrmætar mínútur sem varð svo að veruleika þar sem margir drengir fara inn í nýtt handbolta ár með sínar fyrstu mínútur með meistaraflokki í farteskinu.

Árangur liðsins hefur verið sveiflukenndur á köflum, en undir stjórn Halldórs Arnar Tryggvasonar og Brynjars Hólms Grétarssonar er unnið hörðum höndum að því að komast upp í Olísdeildina fyrir næsta tímabil.

Það er markmið deildarinnar að veita ungum leikmönnum tækifæri til að stíga sín fyrstu skref með meistaraflokki félagsins.



Deildin hefur lagt mikla vinnu í að ræða við „gamla“ þórsara sem eru að hugsa um að koma „heim“ í Þorpið og spila með okkur Þórsurum á næsta tímabili, ljóst er að ef af verður þá mun endurkoma leikmanna skipta sköpum í þeirri uppbyggingu sem fram undan er hjá okkur.

Stuðningur fyrirtækja við handknattleiksdeild

Þórs er ómetanlegur og hefur deildin í gegnum tíðina verið lán-söm með trausta bakhjarla.

Við viljum þakka öllum samstarfsaðilum fyrir samstarfið sem og okkar einstöku sjálfbóðaliðum.

Deildin hefur lagt mikla vinnu í að ræða við „gamla“ Þórsara sem eru að hugsa um að koma „heim“ í Þorpið og spila með okkur Þórsurum á næsta tímabili.



Fyrir deildina starfar samstilltur hópur sem þarf að fjölga enn frekar í því það er vissulega svo að margar hendur vinna létt verk. Fram undan er mjög spennandi tími í handbolta hjá Þór en það eru þrjú atriði sem vega hvað þyngst þar:

1. Mikilvægt er að deildin hafi nægt fólk til starfa í unglingaráði og stjórn handknattleiksdeildarinnar.

2. Að áframhaldandi fjölgun verði meðal yngri iðkenda og stöðug frampróun meistara-flokks eigi sér stað.

3. Bygging íþróttahúss á félagssvæðinu er lykilatriði í áframhaldandi uppbyggingu deildarinnar.

Stjórn handknattleiksdeildar Þórs var í upphafi tímabils skipuð fimm manns en í dag eru fjögur í stjórn. Mikil vinna hefur verið á fáum höndum og mikilvægt er að fá nýtt fólk inn til að halda starfi deildarinnar áfram.

Stjórn handknattleiksdeildar Þórs

Unglingaráð handknattleiksdeildar er skipað sex manns. Sjá lista yfir stjórnir deilda og ráð aftast í skýrslunni.

Starfið gekk vel í árinu og mikið var um að vera. Margir flokkar unnu sig upp um deild á meðan aðrir sátu sem fastast í sinni deild. Margar ferðir voru á suðvesturhornið, ásamt mótum á Selfossi og Vestmannaeyjum.

Þjálfarahópurinn okkar samanstendur af bæði eldri og reynslumiklum þjálfurum en einnig ungum og efnilegum þjálfurum með mikinn metnað.

Síðasta handboltaár var með öðru sniði en áður fyrir þriðja og fjórða flokki.

Spilaðar voru þrjár lotur þar sem liðin kepptu innbyrðis. Eftir loturnar þrjár gilda samanlögð stig liðanna og haldin úrslitakeppni. Sextán lið taka þátt í úrslitakeppninni. Sitt sýnist hverjum um þetta nýja fyrirkomulag. Það á eftir að koma í ljós hvernig nýtt fyrirkomulag kemur út í heild sinni. Aðrir flokkar tóku þátt í Íslands-mótum nema 7. og 8. flokkur þar sem 7. flokkur fór á skemmtilegt Selfossmót og 8.

Fjárhagur unglingaráðs hefur verið í góðu jafnvægi undanfarin ár og varð engin breyting á því í ár þrátt fyrir að ýmsir kostnaðarliðir eins og ferðakostnaður hafi hækkað töluvert milli ára.

flokkur tók þátt í nokkrum mótum hjá KA.

Iðkendur yngri flokka í handknattleik voru 280 í vetur. Í 8. og upp í 3. flokk voru 159 iðkendur. Iðkendur í handboltaskóla Þórs voru 121. Iðkendur á sumaræfingum voru um 30 talsins. Þetta er fjölgun í iðkenda hjá Þór sem og í íþróttaskóla Þórs.

Iðkendur okkar á Akureyri stunduðu æfingar í Síðuskóla og Íþróttahöllinni.

Í 5.flokki hefur verið í gangi tilraunaverkefni þar sem Guðrún Arngrímsdóttir, ÍAK einkaþjálfari og sérhæfður mobility þjálfari, var fengin til að koma inn einu sinni í viku og leiða drengina í gegnum fjölbreyttar liðkandi og styrkjandi

æfingar með því markmiði að auka hreyfigetu þeirra, liðleika og styrk til að vera enn betur í stakk búnir fyrir sína íþrótt. Hefur þetta mælst vel fyrir og vonast er til að fleiri flokkar geti notið handleiðslu Guðrúnar á næsta tímabili.

Til stóð og reynt var að koma af stað styrktaræfingum fyrir 3. og 4.flokk en ekki náðist samkomulag við þjálfara um tímasetningar sem hentuðu báðum aðilum.

Áætlað er að skipuleggja með betri fyrirvara slíka þjálfun fyrir næsta tímabil.

Einnig var boðið upp á tíma sem kallast Stirðir strákar á sunnudögum fyrir 3. flokk og upp úr en það er Matthea Sigurðardóttir, íþróttakennari og fimleikaþjálfari, sem hélt utan um þá. Í þessum tímum bauð hún upp á sérvaldar æfingar til að vinna með liðleika og styrk. Þess ber að geta að



báðar unnu þær Guðrún og Mattý sína vinnu í sjálfboðastarfi

Þjálfarahópurinn okkar samanstendur af bæði eldri og reynslumiklum þjálfurum en einnig ungum og efnilegum þjálfurum með mikinn metnað.

Unglingaráð hefur stutt vel við bakið á þjálfurum þegar kemur að því að afla sér aukinnar menntunar í þjálfunarfræðum. Hafa þjálfarar t.d. farið á námskeið erlendis og fengið ýmiskonar fræðslu í tengslum við mataræði og hugarþjálfun.

Eftirtaldir sáu um þjálfun iðkenda í vetur:

Yfirþjálfari

Halldór Örn Tryggvason,
sá einnig um þjálfun á Dalvík.

7.- 8. flokkur

Bjarni Oddleifur Einarsson
Benedikt Ármannsson.

6. flokkur

Viktor Ernir Geirsson
Dagur Guðnason.

5. flokkur

Jón Eyberg Bjarnason
Páll Þorgeir Pálsson.

Handknattleiksdeild - unglingaráð

4. flokkur

Sigurpáll Árni Aðalsteinsson
Viktor Ernir Geirsson.

3. flokkur

Þorvaldur Sigurðsson
Ingólfur Samúelsson.

Rekstrarleg staða unglingaráðs er sterk. Fjárhagur unglingaráðs hefur verið í góðu jafnvægi undanfarin ár og varð engin breyting á því í ár þrátt fyrir að ýmsir kostnaðarliðir eins og ferða- og kostnaður hafi hækkað töluvert milli ára.


Erfiðlega hefur gengið að finna gjaldkera í unglingaráð handboltans. Hefur Anna Kristín gengt því starfi í sjálfboðavinnu, þrátt fyrir að eiga engin



börn í handboltanum hjá Þór. Anna Kristín hefur ákveðið að sitja með unglingaráðinu, sem gjaldkeri, þangað til annar finnst.

Að lokum vill stjórn unglingaráðs þakka öllum iðkendum, foreldrum, aðstandendum, þjálfurum, sjálfboðaliðum, styrktaraðilum og öðrum velunnurum fyrir samstarfið á árinu. Við vonumst eftir áframhaldandi góðu samstarfi og erum sannfærð um að næsta ár verði frábært.

HNEFALEIKADEILD





Við byrjuðum árið á að fá 100.000 kr. styrk frá Norðurorku til að efla Hnefaleikaskóla Þórs, sem er fyrir krakka frá 12-16 ára.

Í lok janúar var svo fyrsta mótið í vorkar-mótaröð Hnefaleikasambands Íslands. Þar áttum við þrjá keppendur, þá Svein Sigurbjarnason, Ágúst Davíðsson og Elmar Frey Aðalheiðarson.

Sveinn og Ágúst töpuðu báðir fyrir sínum andstæðingum en Elmar sigraði.

Einnig var Diplómamót þessa helgi og þar kepptu Ívan Þór Reynisson, Stefán Karl Ingvarsson, Gunnar Benedikt Hanson Einarsson, Valgerður Telma Einarsdóttir og Lilja Lind Torfadóttir. Stefán náði sér í diplóma á mótinu en aðrir voru að safna sér í hærri verðlaun.

Í febrúar keppti Elmar svo í seinni umferð

sinni í bikarmótaröðinni og sigraði og var þar með bikarmeistari í +92 kg flokki karla.

Þá var einnig diplómamót, þar kepptu Valgerður, Stefán, Lilja, Ívan, Arnar Geir Kirstbjörnsson og Bragi Freyr Eiríksson, tveir þeir síðasnefndu voru báðir að keppa í fyrsta skipti og stóðu sig mjög vel.

Í mars fóru Sævar Rúnarsson og Elmar Freyr til Svíþjóðar á Norðurlandamótið í hnefaleikum. Elmar til að keppa og Sævar til að dæma. Elmar var reyndar óheppinn að vera kýldur í augað í fyrstu lotu og átti erfitt með að sjá, það nýtti andstæðingurinn sér Óvel og þjarnaði að honum þar til dómariinn stoppaði viðureignina. Elmar hafnaði því í 3 sæti á NM.

Einnig var diplómamót þar sem Ívan, Gunnar, Stefán, Valgerður, Lilja, Arnar og Bragi kepptu.

Ívan náði sér í silfur merki Hnefaleikasambands Íslands, Lilja fékk silfurmerki og Arnar fékk diplómaviðurkenningu Hnefaleikasambands Íslands.

Í apríl héldum við diplómamót hér á Akureyri og var það stærsta diplómamót sem hefur verið haldið fram til þessa. Fjögur lið mættu með hnefaleikara, Hnefaleikafélag Akranes (HAK), Hnefaleikafélag Hafnafjarðar (HFH), Hnefaleikafélag Kópavogs (HFK), og Hnefaleikafélag Reykjaness (HFR). Hér fékk Valgerður silfurmerki, Bragi fékk diplómaviðurkenningu og aðrir voru að safna stigum.

Mótið heppnaðist nokkuð vel en við fengum að vísu áminningu fyrir slæma umgengi félaganna á gististað. Við lærum af því og verðum með betur skipulagðara vaktakerfi í kringum mótið næst.

Í lok apríl var svo Íslandsmeistaramótið í Hnefaleikum. Þar keppti Sveinn Sigurðbjarnason í undanúrslitum en tapaði fyrir Benedikt Eiríkssyni úr HFH. Elmar vann sinn flokk (+92 kg) þriðja árið í röð.

Í maí héldum við bingó sem hefur orðið að árlegum fjáröflunarviðburði hjá okkur. Það gekk mjög vel og safnaðist fínt í kassann.

Fyrir lok maí var síðasta diplómamót tímabilsins og það var í Reykjanessbæ. Ali Naser keppti sína fyrstu viðureign, einnig boxaði Tómas Bergson í fyrsta skipti. Aðrir sem

kepptu voru Arnar, Lilja, Valgerður, Ívan og Stefán. Daginn eftir mótið héldum við sam-eiginlega æfingu með HFR sem öllum þótti skemmtileg tilbreyting.



Eftir sumarfrí byrjaði tímabilið á Haustbikarmótaröð Hnefaleikasambands Íslands. Í fyrstu umferð, kepptu Elmar, Sveinn og Ágúst. Elmar og Sveinn sigruðu sína andstæðinga en Ágúst var stöðvaður í annarri lotu. Aðspurður sagðist hann ekki skilja hvað dómarrinn hafi verið að gera, þetta hefði allt farið í vörnina.



Daginn eftir var diplómamót og þar kepptu Arnar, Bragi, Tómas, Stefán, Gunnar og Valgerður. Arnar og Gunnar náðu sér í bronsmerki HNÍ.

Í október var önnur umferð í haustbikarmótaröðinni. Elmar sigraði andstæðinginn sinn og var þar með orðinn haustbikarmeistari og bikarkóngur 2023 þar sem hann vann bæði bikarmótin. Sveinn varð haustbikarmeistari því hann vann eina viðureign en tapaði einni, en þar sem andstæðingar hans mættust ekki þá var Sveinn stigahæstur eftir mótaröðina.

Elmar og Sævar héld svo til Danmerkur á HSK bokse cup. Aftur fór Elmar til að keppa og Sævar að dæma.

Elmar keppti þarna í -92 kg í fyrsta skipti í langan tíma, hann átti ágætis viðureign en tapaði því miður á stigum.

Sömu helgi var diplómamót í Hafnarfirði og vorum við með 10 keppendur þar. Haukur Ingi Elsuson, Mikael Róbert Gunnarsson og Númi Kristínarson voru að keppa í fyrsta sinn. Önnur sem kepptu voru Lilja, Valgerður, Ívan, Stefán, Bragi, Arnar og Aron Örn Oyola Stefánsson. Valgerður, Lilja og Ívan náðu sér öll í gullmerki HNÍ á mótinu.

Í nóvember keppti Sveinn Sigurbjarnason á Icebox og sigraði sinn andstæðing, Alejandro Cordova frá HFH.

Í lok nóvember hélt Hnefaleikasambandið æfingabúðir fyrir 18 ára og yngri. Þjálfari kom frá Bretlandi og varð þetta heil helgi af hörku! Tólf krakkar frá okkur fóru í æfingabúðirnar, en alls voru um eða yfir 50 krakkar í æfingabúðunum sem voru mjög vel heppnaðar og verða að öllum líkindum endurteknar að ári.

Síðasta diplómamót ársins var svo í Akur-skóla í Reykjanesbæ, þar kepptu Árni Þeyr Fjölmisson, Númi, Tómas, Stefán, Haukur og Mikael. Árni náði sér í Diplóma þrátt fyrir að þetta væri fyrsta viðureign hans, aðrir voru hársbreidd frá eða að safna sér í önnur verðlaun.

Árið endaði svo með að formaðurinn Sævar Ingi Rúnarsson tók sína viðfrægu fjáröflun, þar sem hann borðar heila fötu af síld yfir nokkra daga. Í ár safnaðist metfé eða 176 þúsund.

KNATTSPYRNUDEILD



Janúar

Samstarf við ítalska íþróttavöruframleiðandann Macron hófst með formlegum hætti þegar meistaraflokkur tók í notkun nýtt æfingasett.

Alls tíu leikmenn Þórs voru boðaðir til landsliðsæfinga með yngri landsliðum Íslands

U21 – Ragnar Óli Ragnarsson

U19 – Bjarni Guðjón Brynjólfsson
og Kristófer Kristjánsson

U18 – Ingimar Arnar Kristjánsson

U17 – Davíð Örn Aðalsteinsson

U16 – Pétur Orri Arnarson

U15 – Ásbjörn Líndal Arnarson
Egill Orri Arnarson,
Einar Freyr Halldórsson
og Sverrir Páll Ingason

Aðeins tvö félög á Íslandi áttu fulltrúa í öllum þessum æfingahópum; Þór og þáverandi Íslandsmeistarar Breiðabliks.

Febrúar

Lengjubikarinn

Þór – Keflavík 4-1

(Kristján Atli Marteinnsson, Alexander Mór Þorláksson, Kristófer Kristjánsson, Ingimar Arnar Kristjánsson)

Fylkir – Þór 5-0

Þór – Fjölnir 1-2

(Marc Rochester Sorensen)

Unglinglandslíðsmennirnir Egill Orri Arnarson og Pétur Orri Arnarson skrifuðu undir sinn fyrsta leikmannasamning við Þór og gerðu þeir báðir samning út árið 2025.

Samstarfssamningur við Samskip vegna Pollamóts Þórs og Samskipa endurnýjaður til

þriggja ára. Pollamót Þórs eiga sér langa sögu sem nær allt aftur til 1987. Samstarf Þórs og Samskipa um Pollamótin hófst með fyrsta samstarfssamningi félaganna árið 2018.

Mars

Lengjubikarinn

KA – Þór 1-0

Þróttur R. – Þór 3-4

(Alexander Mór Þorláksson 2, Ýmir Mór Geirsson, Nikola Kristinn Stojanovic)

73. og 74. Goðamót Þórs fóru fram í marsmánuði þar sem 5. flokkur kvenna og 6. flokkur karla öttu kappi.

Bjarni Guðjón Brynjólfsson tók þátt í sögulegum sigri U19 ára landsliðs Íslands þegar liðið tryggði sig inn í lokakeppni EM.

Aron Einar Gunnarsson skoraði þrennu í 0-7 sigri íslenska landsliðsins á Liechtenstein í undankeppni EM 2024 og varð þar með markahæsti Þórsarinn hjá A-landslíði karla í fótbolta. Lyfti sér upp fyrir Halldór Ómar Áskelsson og Kristján Örn Sigurðsson.

Undir lok mánaðarins urðu stjórnarskipti á aðalfundi knattspyrnudeildar. Sjá lista yfir stjórnir deilda aftast í skýrslunni.

Sigurður Grétar er sá eini sem heldur áfram úr fyrri stjórn, en þeir Bjarni Sigurðsson, Birkir Hermann Björgvinsson, Hlynur Birgisson og Sævar Eðvarðsson gengu úr stjórn og er þeim þakkað fyrir mikið og gott framlag til félagsins á undanförunum árum.



5

Aron Einar Gunnarsson



4

Halldór Ómar Áskelsson



4

Kristján Örn Sigurðsson

Apríl

Mjólkurbikar

Þór – KF 6-0

(Alexander Már Þorláksson, Marc Rochester Sorensen 2, Valdimar Daði Sævarsson, Bjarni Guðjón Brynjólfsson, Aron Ingi Magnússon).

Kári – Þór 1-1

(Kristófer Kristjánsson).

Þór fór áfram eftir vítaspyrnukeppni.

Mái

Keppni í Lengjudeild karla hófst hjá okkar mönnum með heimaleik gegn Vestra í Boganum þann 6.maí.

Lengjudeild

Þór – Vestri 2-1

(Marc Rochester Sorensen, Bjarni Guðjón

Brynjólfsson)

Afturelding – Þór 1-0

Þór – Leiknir R. 1-0

(Valdimar Daði Sævarsson).

Fjölnir – Þór 6-0.

Mjólkurbikar

Þór – Leiknir R. 3-1

(Aron Ingi Magnússon, Ion Perellon, Ingimar Arnar Kristjánsson).

Árlegt herrakvöld Þórs fór fram í íþróttahúsinu við Síðuskóla. Líkt og undanfarin ár seldist upp á herrakvöldið sem er orðinn fastur liður hjá Þórsurum í maímánuði.

Júní

Lengjudeild



Þór – Ægir 3-1
(Fannar Daði Malmquist Gíslason, Alexander Már Þorláksson, Kristófer Kristjánsson).

Þróttur R. – Þór 3-0

Þór – Selfoss 2-1
(Alexander Már Þorláksson 2)

Njarðvík – Þór 2-2
(Elmar Þór Jónsson 2)

ÍA – Þór 4-0

Mjólkurbikar

Þór – Víkingur R 1-2

(Ingimar Arnar Kristjánsson)

Nýir samstarfssamningar undirritaðir þegar knattspyrnudeild Þórs gerði samstarfssamninga við tvö fyrirtæki, [Vélfag ehf.](#) og [Nettó/Samkaup.](#)

Júlí

Lengjudeild

Grindavík – Þór 1-1
(Marc Rochester Sorensen)

Þór – Afturelding 1-3
(Aron Ingi Magnússon)

Vestri – Þór 1-0

Þór – Gróttta 3-1

(Bjarni Guðjón Brynjólfsson, Valdimar Daði Sævarsson 2)

Leiknir R. – Þór 1-0

Bjarni Guðjón Brynjólfsson tók þátt í loka-keppni EM með U19 ára landsliði Íslands. Bjarni Guðjón var í byrjunarliði Íslands í fyrsta leik Íslands gegn Spánverjum. Hann fékk rautt spjald í leiknum og var því í leikbanni gegn Norðmönnum í öðrum leik liðsins en kom aftur inn í byrjunarliðið í loka-leiknum gegn Grikkjum.

Pollamót Þórs og Samskipa var á sínum stað í byrjun mánaðarins þar sem keppendur voru um það bil 800 talsins sem gerir mótið í ár eitt af þeim fjölmennari í sögunni. Um var að ræða 36.Pollamótið.

Undirritaður var samningur til þriggja ára milli VÍS og Íþróttafélagsins Þórs um að nafni Þórsvallar verði breytt og mun hann því heita VÍS-völlurinn næstu þrjú árin hið minnsta. Í tilefni af þessu bauð VÍS frítt á völlinn á leik Þórs og Aftureldingar í mánuðinum.

Ágúst

Lengjudeild

Þór – Fjölnir 0-1

Ægir – Þór 2-3

(Bjarni Guðjón Brynjólfsson, Alexander Már Þorláksson, Nökkvi Hjörvarsson)

Þór – Þróttur R. 2-1

(Alexander Már Þorláksson, Ragnar Óli Ragnarsson)

Selfoss – Þór 2-2

(Aron Ingi Magnússon 2)

Þór – Njarðvík 0-3

Um miðjan mánuð barst kautilboð frá Val í Bjarna Guðjón Brynjólfsson sem var samþykkt af knattspyrnudeild Þórs. Um leið gerðu félagin með sér samkomulag um að



Bjarni Guðjón myndi klára keppnistímabilið með Þór.

Þórsararnir Ásbjörn Líndal Arnarsson, Egill Orri Arnarsson, Einar Freyr Halldórsson, Sigurður Jökull Ingvason og Sverrir Páll Ingason voru í 21 manns leikmannahópi U15 landsliðs Íslands sem valinn var til að mæta Ungverjum í tveimur æfingaleikjum á Selfossi í lok mánaðarins.

September

Lengjudeild

Þór – ÍA 2-3

(Bjarni Guðjón Brynjólfsson, Nikola Kristinn Stojanovic)

Gróttá – Þór 1-0

Þór – Grindavík 3-0

(Aron Ingi Magnússon 2, Bjarni Guðjón Brynjólfsson)

Lokastaða í deild - 7.sæti af 12 liðum
27 stig – 8 sigrar, 3 jafntefli og 11 töp
27 mörk skoruð, 39 mörk fengin á sig

Markahæstu leikmenn í deild:

Alexander Már Þorláksson, Aron Ingi Magnússon og Bjarni Guðjón Brynjólfsson,
5 mörk hver.



Oftast maður leiksins í boði Fisk Kompaní (Aðeins heimaleikir) – Marc Rochester Sorensen, þrisvar sinnum.

Á lokahófi knattspyrnudeildar var Marc Rochester Sorensen valinn leikmaður ársins og Aron Ingi Magnússon efnilegastur.

Marc spilaði alls 24 leiki með Þórslíðinu á árinu og skoraði í þeim leikjum fimm mörk, 17/2 í Lengjudeildinni, 3/2 í Mjólkurbikarkeppninni og 4/1 í Lengjubikarnum. Aron Ingi spilaði 26 leiki með Þórslíðinu á árinu og skoraði í þeim leikjum sjö mörk, 20/5 í Lengjudeildinni, 5/2 í Mjólkurbikarkeppninni og 1/0 í Lengjubikarnum. Þá tók hann einnig þátt í nokkrum leikjum með 2. flokki. Aron Ingi á samtals að baki 51 meistaraflokksleik með Þór, þann fyrsta á árinu 2021.

Á lokahófinu var Bjarni Guðjón Brynjólfsson kvaddur sérstaklega með viðurkenningu fyrir framlag hans til félagsins þar sem hann



kveður nú félagið í bili eftir að hafa verið seldur til Vals. Bjarni hefur leikið 79 leiki fyrir meistaraflokk Þórs en hann er fæddur árið 2004.

Fyrir leik Þórs og Grindavíkur í lokaumferð Lengjudeildarinnar var Sigurður Marinó Kristjánsson heiðraður af stjórn knattspyrnudeildar en Sigurður tók ákvörðun um að leggja takkaskóna á hilluna. Hann á að baki alls 356 leiki í mótum á vegum KSÍ, 327 með Þór og 29 með Magna. Auk þessara leikja eru svo fjórir Evrópuleikir. Sigurður Marinó spilaði 56 leiki með Þór í efstu deild.



lákur Árnason myndi ekki þjálfa lið Þórs áfram eftir tveggja ára starf. Þorlákur tók við Þórslíðinu haustið 2021 og undir hans stjórn hafnaði liðið í 7. sæti Lengjudeildarinnar bæði tímabilin.

Í tilkynningu frá félaginu varðandi starfslokin sagði:

Á þessum tveimur árum hefur mörgum ungum leikmönnum verið gefið tækifæri og þeir náð að þróast í að verða lykilmenn í liðinu. Það eru spennandi tímar framundan í Þorpinu og áhugavert verkefni sem bíður eftirmanns Láka að koma okkar liði í efstu deild.

Október

Sex ungir Þórsarar skrifuðu undir sinn fyrsta samning við félagið þegar þeir Ásbjörn Lín-dal Arnarsson, Einar Freyr Halldórsson, Haukur Leo Þórðarson, Kjartan Ingi Friðriksson, Sigurður Jökull Ingvason og Sverrir Páll Ingason gerðu samninga sem gilda út 2026

Kristófer Kató Friðriksson lék sína fyrstu unglíngalandsleiki í þegar hann tók þátt í UEFA Development móti með íslenska U15 landsliðinu í fótbolta. Kató og félagar léku



Minningarsjóður Guðmundar Sigurbjörnssonar afhenti knattspyrnudeild styrk upp á 750.000 krónur fyrir leik Þórs og Grindavíkur í lokaumferð Lengjudeildarinnar. Samhliða afhendingu styrksins stóð minningarsjóðurinn fyrir vel heppnuðum lukkuleik fyrir áhorf-endur á leiknum. Frábært framtak.

Þann 25. september var tilkynnt um að Þor-



SIGURÐUR HEIÐAR HÖSKULDSSON
AÐALÞJÁLFARI
2023-2026

#DFK

Nóvember

Goðamót númer 75 og 76 fóru fram í Boganum þar sem 5. flokkur karla og 6.flokkur kvenna öttu kappi.

Sigurður Heiðar Höskuldsson var formlega boðinn velkominn í Þorpið á kótiletukvöldi knattspyrnudeildar í Hamri þann 9. nóvember. Vel var mætt og góð stemning.

gegn Spáni, Pólverjum og Wales og stóð Kató sig með mikilli þrýði en hann leikur jafnan sem miðjumaður.

Þann 17. október var tilkynnt um ráðningu á nýjum aðalþjálfara Þórslíðsins þegar sagt var frá því að knattspyrnudeild hefði náð samkomulagi við Sigurð Heiðar Höskuldsson og gerði hann þriggja ára samning.

„Siggi var efstur á lista stjórnar frá upphafi og sá eini sem við fórum í viðræður við. Erum við því virkilega ánægðir með ráðninguna, hlökkum til samstarfsins og bjóðum hann velkominn í Þorpið,“

Egill Orri Arnarsson og Pétur Orri Arnarson tóku þátt í undankeppni EM með U17 ára landsliði Íslands í fótbolta á Írlandi þar sem íslenska liðið hafnaði í 3. sæti með fjögur stig og komst ekki áfram í lokakeppnina.

Skemmtimót knattspyrnudeildar í pílukasti fór fram í píluaðstöðu Þórs í íþróttahúsinu við Laugargötu.

Desember

Gengið var frá undirskriftum við allt þjálfarteymi knattspyrnudeildar. Sigurður Heiðar setti saman sitt teymi sem er þannig skipað:

Sveinn Leó Bogason
aðstoðarþjálfari

Jónas L. Sigursteinsson
markmannsþjálfari

Stefán Ingi Jóhannsson
styrktarþjálfari

Arnar Geir Halldórsson
afreksþjálfun

Leikmenn meistaraflokks karla buðu til skötuveislu í Hamri á Þorláksmessu í fyrsta sinn. Undirtektir voru góðar og klárlega eitt-hvað sem er komið til að vera.

Jólamót Þórs og Íslenskra rafverktaka ehf. fór fram þann 29. desember í Boganum. Frábær þátttaka var á mótinu í ár og gleðin við völd frá upphafi til enda.

Lokaorð ársins frá formanni knattspyrnudeildar Þórs

Kæru Þórsarar,

Mér líður eins og bjart sé framundan í Þorpinu. Segja má að uppbyggingarstefna félagsins síðustu ár sé farin að bera ávöxt og margir leikmenn hafa skilað sér upp í gegnum yngri flokka félagsins og alla leið í meistara-flokk. Starf unglingaráðs og þjálfun yngri flokka er með því allra besta sem gerist á landinu og eru tilnefningar okkar iðkenda í yngri landsliðum staðfesting á því góða starfi.

Sigurður Heiðar Höskuldsson var ráðinn í starf aðalþjálfara meistaraflokks félagsins í haust og erum við afar stoltir af þeirri ráðningu, en að okkar mati er hann einn færasti þjálfari landsins og hlökkum við til samstarfsins. Einnig bjuggum við til nýtt starf, yfirmann afreksþjálfunar, í samráði við unglingaráð og var Arnar Geir Halldórsson ráðinn í starfið. Við teljum þetta sýna að þrátt fyrir gott starf síðustu ár, þá sé enn rými til bætinga og það rými viljum við reyna að fylla á hverju ári.

Stjórn knattspyrnudeildarinnar er með skýr markmið fyrir næstu ár, að koma Þórslíðinu aftur í deild þeirra bestu og festa okkur þar í sessi. Við finnum fyrir kraftinum sem býr í félaginu og viljum nýta hann. Á sama tíma og við teljum mönnun góða í stjórn, þjálfun og leikmannahópi liðsins þá vitum við einnig að gott íþróttastarf þarf á ykkur að halda, stuðningsmönnum, styrktaraðilum og sjálfböðliðum. Það er ærið verkefni að reka íþróttafélög, en það gefur hins vegar góða tilfinningu í hjartað að leggja sitt af mörkum.

Ég vil því að endingu senda þakklætisvott til allra þeirra sem hafa lagt hönd á plóg á árinu

með okkur og vonast til þess að allir og fleiri til bætist í hópinn á nýju ári til þess að styðja við okkur þannig auka líkurnar til þess að markmið okkar náist, sem allra fyrst.

Óska ég ykkur öllum farsældar og gleði á nýju ári og þakka fyrir gott samstarf, góðan stuðning og góðar stundir á árinu sem er að líða.

**Sveinn Elías,
formaður knattspyrnudeildar Þórs.**

Fylgstu með á samfélagsmiðlum

Við Þórsarar erum spenntir fyrir 2024 í fótboltanum og við hvetjum allt okkar stuðningsfólk til að fylgjast vel með okkar starfi. Til að vera vel með á nótunum er gott að fylgjast með samfélagsmiðlum félagsins sem eru á tenglunum hér að neðan.

Þangað inn koma reglulegar fréttir úr starfinu auk þess sem viðburðir eru reglulega auglýstir.

[Þór – Fótbolti á Facebook](#)

[Þór – Fótbolti á Twitter](#)

[Þór – Fótbolti á Instagram](#)

[Yngri flokkar kn. Þórs á Facebook](#)

[Íþróttafélagið Þór á Facebook](#)

[Íþróttafélagið Þór á Instagram](#)

Áfram Þór!

Unglingaráð knattspyrnudeildar heldur úti afar umfangsmiklu starfi fyrir börn á aldrinum 3ja-20 ára sem æfa undir handleiðslu menntaðra þjálfara allan ársins hring. Æft er í í þrettán flokkum þar sem jafnan eru tveir árgangar saman í hverjum flokki, að elsta (2.flokki) og yngsta (8.flokki undanskildum) þar sem þrír árgangar eru saman.

Alls þjálfar 29 þjálfarar allan ársins hring í yngri flokkum Þórs, flestir í hlutastarfi en alls eru þrír þjálfarar með þjálfun að aðalstarfi í kjölfar skipulagsbreytinga sem farið var í haustið 2023. Garðar Marvin Hafsteinsson og Margrét Árnadóttir voru þá ráðin í ný störf sem yfirþjálfarar 5.-8.flokk og um leið var Arnar Geir Halldórsson ráðinn í nýtt starf yfirþjálfara félagsins sem starfar bæði inn í meistaraflokki karla auk elstu yngri flokkanna (2-4.flokks). Þessum skipulagsbreytingum er ætlað að efla faglegt starf félagsins á öllum sviðum þjálfunar.

Líkt og undanfarin ár hefur gengið erfiðlega að manna þjálfarastöður yngstu flokkanna og er það áskorun á hverju ári að finna fullorðið og reynslumikið fólk til að vinna með okkar yngstu iðkendur sem er gríðarlega mikilvægt í uppbyggingastarfi félagsins.

Yfir sumartímenn bætist í þjálfarahópin þegar elstu iðkendurnir fá að reyna sig við aðstoðarþjálfun. Er þar um að ræða ungmenni sem koma úr yngri flokka starfinu og eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Eru þau ráðin í sumarvinnu hjá Akureyrarbæ og vinna hjá Þór. Þetta er mikilvægur liður fyrir okkur í að finna nýja unga og upprannandi þjálfara í yngri flokka starfið í nánustu framtíð.

2023 var metár að mörgu leyti þegar litið er til starfsemi unglingaráðs. Aldrei áður hefur Þór teft fram fleiri liðum í Íslandsmóti KSÍ en alls tóku 25 Þórslíð þátt í Íslandsmótum frá 2. flokki og niður í 5. flokk. Ekki eru leikin Íslandsmót í yngstu flokkunum. Keppnisleikir Þórslíðanna á vegum KSÍ voru alls 352 og eru þá ekki talin með hin ýmsu mót sem farið var á og keppt.

Yngri flokkar Þórs leika í hefðbundnum keppnisbúningi Þórs, þ.e. hvítir sokkar, rauðar stuttbuxur og hvítar treyjur. Ítalski framleiðandinn Macron sér um að framleiða Þórsbúninginn.

Rekstur unglingaráðs hefur gengið vel eftir taprekstur árið 2022. Með duglegu fólki í unglingaráði sem öll lögðust á eitt ásamt okkar frábæra starfsfólki, þjálfurum og styrktaraðilum, tókst okkur að halda áfram úti öflugum starfi og bæta. Tekjur unglingaráðs á árinu 2023 voru 65,4 m.kr á meðan gjöldin voru 64,7 m.kr sem skilur eftir hagnað uppá 700 þ.kr.

Umfang yngri flokka í íslenskri knattspyrnu hefur vaxið gríðarlega undanfarinn áratug og eru tvær stórar breytur sem eru helsta ástæða þess. Annars vegar hafa nær öll félög landsins slegið iðkenda fjöldamet flest ár í kjölfar þess að íslenska karlalandsliðið tók þátt í lokamóti EM í Frakklandi árið 2016, ef frá eru talin Covid árin þar sem erfitt reyndist að halda utan um raunverulegar iðkenda tölur. Hins vegar hefur KSÍ tekið stór framfaraskref þegar kemur að lengingu Íslandsmóts og er það nú svo að Íslandsmótið er í gangi frá byrjun mars fram í byrjun október í 2. og 3.flokki með tilheyrandi fjölgun leikja.

Auknu umfangi fylgja ýmsar áskoranir. Leng-

ing Íslandsmóts hefur haft í för með sér gríðarlega aukinn fjölda ferðalaga sem þýðir aukin útgjöld, bæði á félögin á landsbyggðinni og einnig foreldra í starfinu sem greiða sífellt fleiri krónur í ferðalög á milli landshluta og gistingu á höfuðborgarsvæðinu. Einnig kallar þetta á aukna viðveru flestra okkar þjálfara stærri hluta ársins en áður sem þýðir að félögin þurfa að leita leiða til að stækka starfshlutfall yngri flokka þjálfara. Dómarastörfum hefur fjölgað gríðarlega þessu samhliða og ljóst að þörf er á að efla utanumhald um dóm-gæslu innan félagsins hið snarasta.

Þessu aukna umfangi hafa fylgt töluverðir vaxtaverkir og reynt bæði á innviði og aðstöðu félaganna. Þegar kemur að aðstöðu til æfinga og keppni í fótbolta stendur Þór ennþá verulega höllum fæti í samanburði við önnur íslensk félög af sömu stærðargráðu en loks horfir til bjartari tíma í þeim efnum með gervigrasvelli sem mun rísa á Ásnum á næstu mánuðum.

Líkt og undanfarin ár hefur gengið erfiðlega að manna þjálfarastöður yngstu flokkanna og er það áskorun á hverju ári að finna fullorðið og reynslumikið fólk til að vinna með okkar yngstu iðkendur sem er gríðarlega mikilvægt í uppbyggingastarfi félagsins.

Á sumrin er æft alla virka daga á Þórs-svæðinu og eru æfingar í gangi á svæðinu frá 9:00 á morgnana til 20:00 á kvöldin. Við það

bætast leikir í Íslandsmóti sem eru jafnt virka daga sem og um helgar.

Auk hefðbundinna æfinga er boðið upp sérhæfðar æfingar, annars vegar sérstakar tækniæfingar fyrir ákveðna aldurshópa og hins vegar markmannsæfingar fyrir þá leikmenn sem kjósa að æfa mark.

Lokaorð

Það er hægt að líta á framtíðina í fótboltanum hjá Þór með björtum augum.

Iðkendum heldur áfram að fjölga jafnt og þétt og einnig höfum við á undanförunum árum séð stærri hóp iðkenda æfa lengur en áður.

Nýr gervigrasvöllur mun rísa á Þórssvæðinu á allra næstu mánuðum. Er þar um að ræða bráðnauðsynlega framkvæmd til að Þór geti séð iðkendum sínum fyrir æfingaaðstöðu allan ársins hring með góðu móti auk þess sem nýr gervigrasvöllur mun bæta keppnis-aðstöðu félagsins verulega en þegar kemur að keppnisaðstöðu fyrir yngri flokka hefur Þór verið í virkilega miklum vandræðum á undanförunum árum.

Unnið er eftir tveimur meginstefnum út í gegnum allt starfið, félagsstefnu annars vegar og afreksstefnu hins vegar og hefur náðst árangur á báðum sviðum undanfarið ár.

Þó framtíðin sé björt er alltaf þörf á því að fá inn öflugt fólk, jafnt í störf þjálfara sem og sjálfbóðaliðastörf og hvetjum við Þórsara til að leggja hönd á plóg við að gera gott starf enn betra.



Þór/KA er samstarfsverkefni félaganna tveggja, Þórs og KA, sem er í senn styrkur félgsins knattspyrnulega séð, en um leið hluti af tilvistarlegum viðfangsefnum þegar kemur að ýmsum hagnýtum atriðum á borð við aðstöðu, fjárhag og fleira.

Erfiðum rekstri snúið við

Eftir mjög erfitt ár og mikið tap árið á undan tókst félaginu, stjórn, aðstandendum, leikmönnum og starfsfólki að snúa rekstrarfkomunni við svo um munar. Það gerðist ekki af sjálfu sér heldur liggur að baki gríðarleg vinna allra sem koma að rekstri félagsins, aðhaldssemi, átak til að auka tekjur og óteljandi fjáröflunarverkefni sem leikmenn, aðstandendur og stjórnarfolk tekur þátt í af mikilli samvirkusemi og eljusemi til að gera félaginu kleift að halda úti öflugum starfi á öllum sviðum.

Metnaður til að gera betur á öllum sviðum ár frá ári knýr og hvetur fólk áfram í rekstrarumhverfi sem hefur aldrei verið og er ekki enn orðið hliðhollt konum sem vilja stunda íþróttir í fremstu röð og ná árangri.

Félagið heldur úti starfsemi í þremur flokkum, meistaraflokki, 2. flokki U20 og 3. flokki.

Ágústa Kristinsdóttir og Birkir Hermann Björg-

vinsson létu af störfum að loknu keppnistímabilinu 2023. Erfiðlega gekk að finna nýja þjálfara inn í teymið fyrir 2. og 3. flokk og var ráðningum ekki lokið um áramót.

Jóhann Kristinn Gunnarsson hélt áfram sem aðalþjálfari meistaraflokks og Pétur Heiðar Kristjánsson var honum til aðstoðar, auk þess að bæta á sig verkefnum vegna brotthvarfs annarra þjálfara. Auk hans störfuðu Hulda Björg Hannesdóttir og Margrét Árnadóttir við þjálfun yngri flokka félagsins. Sigurbjörn Björnsson hélt áfram styrktarþjálfun meistaraflokks.

Góður árangur liðanna okkar

Árangur allra liða félagsins var mjög góður á árinu 2023.

Þór/KA sendi tvö lið til þátttöku í Kjarnafæðimótinu og enduðu þau í 1. og 2. sæti mótsins. Margir leikmenn stigu þar sín fyrstu skref með meistaraflokki og margir tugir leikmanna sem tóku þátt í leikjunum, sú yngsta fædd 2010. Þór/KA-1 vann alla fjóra leiki sína í mótinu og Þór/KA-2 vann þrjá leiki.

Gott gengi liðsins í riðlakeppni Lengjubikarsins skilaði sæti í undanúrslitum mótsins. Liðið vann fjóra leiki af fimm í riðlinum, lagði Breiðablik á Kópavogsvelli í undanúrslitum,



Næstum allur hópurinn 2023.

Fremsta röð frá vinstri: Dominique Randle #3, Karen María Sigurgeirsdóttir #9, Tahnai Lauren Annis #6, Melissa Anne Lowder #12, Sandra María Jessen fyrri röð #10, Harpa Jóhannsdóttir #1, Kimberley Dóra Hjálmarsdóttir #8, Agnes Birta Stefánsdóttir #19, Hulda Björg Hannesdóttir #24.

Miðröð frá vinstri: Jóhann Kristinn Gunnarsson þjálfari, Hannes Bjarni Hannesson sjúkráþjálfari, Iðunn Elfa Bolladóttir sjúkráþjálfari, Una Móeiður Hlynsdóttir #11, Hulda Ósk Jónsdóttir #22, Ísfold Marý Sigtryggsdóttir #26, Jakobína Hjörvarsdóttir #16, Margrét Árnadóttir #14, Kolfinna Eik Elínardóttir #25, Amalía Árnadóttir #7, Pétur Heiðar Kristjánsson aðstoðarþjálfari og þjálfari 2. flokks.

Aftasta röð frá vinstri: Haraldur Ingólfsson, Iðunn Rán Gunnarsdóttir #23, Hildur Anna Birgisdóttir #47, Emelía Ósk Krüger #17, Steingerður Snorradóttir #5, Bríet Jóhannsdóttir #18, Angela Mary Helgadóttir #2, Sonja Björg Sigurðardóttir #13, Birkir Hermann Björgvinsson, þjálfari 2. flokks, Aron Birkir Stefánsson markvarðarþjálfari.

Á myndina vantar Kristu Dís Kristinsdóttur.

Ljósmynd: Skapti Hallgrímsson.

en laut í lægra haldi fyrir Stjörnunni eftir 2-2 jafntefli og vítaspyrnukeppni í úrslitaleik mótsins.

Samið var við þrjá erlenda leikmenn sem spiluðu með liðinu á árinu. Tahnai Annis, endurnýjaði kynni sín við Ísland, en hún lék með Þór/KA 2012-2014. Liðsfélagi Tahnai í

landsliði Filippseyja, Dominique Randle, kom einnig til liðsins sem og bandaríski markvörðurinn Melissa Lowder. Þá kom Karen María Sigurgeirsdóttir aftur heim eftir dvöl syðra. Margrét Árnadóttir hélt utan til Ítalíu í atvinnumennsku í janúar, en snéri aftur heim í Þór/KA um mitt sumar.

Knattspyrnudeild - Þór/KA



Eftir tímabilið fór Jakobína Hjörvarsdóttir suður og erlendu leikmennirnir héldu utan.

Athygli vakti þegar Íslandsmótið var að hefjast að af 24 knattspyrnukonum liðsins koma 20 frá Akureyrarfélögunum, ein frá Völsungi og þrjár eru erlendar.

Nýtt fyrirkomulag var tekið upp í Bestu deild kvenna á árinu. Eftir hefðbundna 18 leikja deild tíu liða var deildinni skipt í efri og neðri hluta. Þór/KA var í 6. sæti deildarinnar með 26 stig þegar kom að tvískiptingunni, hafði unnið átta leiki, gert tvö jafntefli og tapað átta. Markatalan var 25-24. Liðið náði að hífa sig upp um eitt sæti í lokahluta mótsins, endaði í 5. sæti mótsins, vann tvo leiki, gerði eitt jafntefli og tapaði tveimur í lokahlutanum. Sandra María Jessen var markahæst í Þór/KA í

mótinu, skoraði átta mörk.

Sandra María Jessen spilaði á árinu sinn 200. meistaraflokksleik fyrir Þór/KA í mótum á vegum KSÍ og Karen María sinn 100. leik.

Með góðri frammistöðu á árinu vann Sandra María Jessen sér aftur sæti í landsliðinu og var í byrjunarliði Íslands í flestum keppnisleikjum A-landsliðsins.

Lið félagsins í 2. flokki U20 vann Íslandsmótið með miklum yfirburðum - sjá liðsmynd hér að ofan. Liðið vann alla tíu leiki sína í mótinu og endaði með markatöluna 72-12. Emelía Ósk Krüger varð markadrottning mótsins með 13 mörk. Þór/KA átti einnig þrjár næstu á listanum yfir markahæstu leikmenn, Una Móeður Hlynsdóttir skoraði 10, Krista Dís Kristinsdóttir 9 og Bríet Jóhannsdóttir 9. Liðið fór einnig í úrslitaleik bikarkeppni 2. flokks U20, en tapaði honum.

Félagið sendi þrjú lið til þátttöku í Íslandsmótinu í 3. flokki, eitt A-lið og tvö B-lið. B-liðin tvö fóru bæði alla leið í úrslitaleik mótsins og

Athygli vakti þegar Íslandsmótið var að hefjast að af 24 knattspyrnukonum liðsins koma 20 frá Akureyrarfélögunum, ein frá Völsungi og þrjár eru erlendar.



varð Þór/KA-1 Íslandsmeistari B-liða - sjá sameiginlega liðsmynd á næstu síðu.

A-liðið byrjaði mótið vel, en náði ekki að fylgja því eftir. Liðið vann fyrstu lotuna, en endaði síðan í 4. sæti í lotu 2 og 6. sæti í lotu 3.

Þar voru Ísfold Marý Sigtryggsdóttir, Jakobína Hjörvarsdóttir og Kimberley Dóra Hjálmsdóttir í eldlínunni. Auk þeirra tóku Amalía Árnadóttir, Angela Mary Helgadóttir, Hulda Björg Hannesdóttir (U23), Iðunn Rán Gunnarsdóttir, Karen María Sigurgeirsdóttir



Fjöl margar landsliðskonur

Eins og endranær státar félagið sig af fjölmörgum landsliðskonum í yngri landsliðum Íslands. Þar ber hæst þátttöku þriggja leikmanna í lokamóti EM með U19 landsliðinu.

(U23), Karlotta Björk Andradóttir, Kolfína Eik Elínardóttir, Krista Dís Kristinsdóttir og Steingerður Snorradóttir þátt í landsleikjum yngri landsliða Íslands á árinu.

Tvær af þeim erlendu knattspyrnukonum sem

Iéku með Þór/KA á árinu, Tahnai Annis og Dominique Randle, spiluðu með landsliði Filippseyja á lokamóti HM. Þátttaka þeirra bitnaði á félaginu hvað árangur varðar, því eins undarlega og það hljómar taka mótanefnd og mótastjóri KSÍ ekki tillit til þess við niðurröðun leikja í Íslandsmóti þegar félagslið á fulltrúa í stærsta móti heims, sjálfu Heimsmeistaramótinu.

Að loknu keppnistímabilinu voru að venju veittar viðurkenningar í öllum flokkum.



Meistaraflokkur

Besti leikmaður:

Sandta María Jessen

Leikmaður leikmannanna:

Tahnai Annis

Efnilegasti leikmaður:

Amalía Árnadóttir

Kollubikarinn:

Agnes Birta Stefánsdóttir

2. flokkur U20

Þór/KA/Völsungur - A-deild

Besti leikmaður:

Emelía Ósk Krüger

Leikmaður leikmannanna:

Þóunn Rán Gunnarsdóttir

Þór/KA/Völsungur B-deild

Besti leikmaður:

Ólína Helga Sigþórsdóttir

Leikmaður leikmannanna:

Rut Marín Róbertsdóttir

3. flokkur

Besti leikmaður - A:

Hildur Anna Birgisdóttir

Leikmaður leikmannanna - A:

Emelía Blöndal Ásgeirsdóttir

Besti leikmaður - B1

Eva S. Dolina-Sokolowska

Leikmaður leikmannanna - B1:

Eva Hrund Hermannsdóttir

Besti leikmaður - B2:

Rakel Eva Guðjónsdóttir

Leikmaður leikmannanna - B2:

Erika Rakel Melsen Egilsdóttir

Þór/KA þakkar öllum þeim sem áttu og eiga áfram þátt í velgengni félagsins, leikmönnum, aðstandendum, sjálfbóðaliðum, starfsfólki, stuðningsfólki og samstarfsfyrirtækjum. Saman erum við sterkari og veitir ekki af í baráttunni við glerþökin.

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD





Meistaraflokkur kvenna

Eins og frægt er orðið tryggð kvennalið Þórs sér sæti í deild þeirra bestu eftir aðeins þriggja ára starf, eftir að liðið var endurreist. Liðið endaði í 2. sæti í 1. deild kvenna vorið 2023 og komst því í úrslitakeppnina um sæti í efstu deild.

Á ársþingi KKÍ var samþykkt að stækka efstu deild kvenna, Subway-deild, úr átta liðum í tíu þannig að tvö lið úr neðri deildinni fengu sæti í Subway-deild. Því var ljóst að ef liðið myndi vinna undarúrlitin, kæmist það upp um deild.



Í undanúrslitum lék liðið gegn Snæfelli og lagði það með frábærri hjálp stuðningsmanna Þórs sem lögðu á sig tvær ferðir í Hólminn og liðið komið upp um deild. Eftir að hafa lagt þær var haldið í lokaúrslit gegn liði Stjörnunnar. Sú sería endaði í oddaleik í Garðabæ þar sem Stjarnan vann. Annað

samning sinn við liðið. Þjálfari liðsins, Daníel Andri Halddórsson, hélt einnig áfram með liðið og fékk að auki Hlyn Frey Einarsson sér til aðstoðar.

Tímabilið hófst vel með sigri á Stjörnunni og hélt liðið áfram fram að áramótum að tryggja stöðu sína í deildinni og koma öllum öðrum



sæti í fyrstu deild og sæti í þeirri efstu staðreynd.

Einn leikmaður liðsins komst í A landsliðshóp í verkefni sumarsins en það var Eva Wium Elíasdóttir.

Um sumarið var gengið frá samningum við flesta leikmenn fyrri leiktíðar nema Rut Herner Konráðsdóttir sem ákvað að leggja skóna á hilluna. Nýir leikmenn sem bættust við voru Rebekka Hólm Halldórsdóttir frá Tindastóli, Hulda Ósk Bergsteinsdóttir frá KR og erlendir leikmenn voru Lore Devos frá Belgíu og Jovanka Ljubetic frá Chile. Þar að auki endurnýjaði Maddie Sutton

en Þórsurum á óvart með góðri frammistöðu. Liðið var meðal annars það eina sem sigraði gríðarsterkt lið Keflavíkur í fyrri umferð deildarinnar. Deildin var engu að síður gríðarsterk. Ljóst var snemma á leiktíðinni að liðið færi í úrslitakeppnina og á án efa eftir að gera usla þar.

Maddie Sutton fékk svo þann heiður að vera kjörin íþróttakona Þórs árið 2023.

Liðið hélt áfram að tryggja stöðu sína í deildinni og koma öllum öðrum en Þórsurum á óvart með góðri frammistöðu.



Meistarflokkur karla

Tímabilið 22/23 voru ákveðin vonbrigði hjá liðinu en þáverandi stjórn ákvað að taka nýja stefnu og lágmarka fjölda erlendra leikmanna fyrir þá leiktíð. Ungir leikmenn tóku þó sín fyrstu skref í meistaraflokki og fengu dýrmætar mínútur í reynslubankann. Liðið endaði í neðsta sæti 1. deildar en fékk þó að halda sæti sínu í deildinni þar sem fjölgað var um tvö lið í næstefstu deild.

Endursamið var við þjálfara liðsins, Óskar Þór Þorsteinsson, en hann var að hefja sitt annað tímabil í meistaraflokksþjálfun. Um sumarið var endursamið við flesta leikmenn ásamt því að nokkrir bættust í hópinn. Reynir Róberts-



son kom frá Tindastóli, Sigurjón Trausti Guðgeirsson Hjarðar kom frá Hetti og Michael Wallcott kom frá Ármanni.

Hlynur Freyr Einarsson ákvað að leggja skóna á hilluna og Kolbeinn Fannar Gíslason hefur verið fjarri góðu gamni sökum anna. Páll Nóel Hjálmarsson ákvað að halda til náms til Reykjavíkur en kom aftur síðar á tímabilinu.

Ungir leikmenn tóku þó sín fyrstu skref í meistaraflokki og fengu dýrmætar mínútur í reynslubankann.



Erlendir leikmenn sem voru fengnir til liðsins voru Harrison Butler frá Southern Utah Thunderbirds úr bandaríska háskóla-

boltanum og Jason Gigliotti sem spilaði í ítölsku B-deildinni. Einnig var ráðinn erlendur aðstoðarpjálfari, Ivica Petric frá Króatíu/ Bosníu-Herzegovinu.

Liðinu var spáð í einu af neðstu sætum í deildinni fyrir tímabilið en sannaði fljótlega að þeir voru um margt betri en það og voru um miðbik deildarinnar fram yfir áramót.

Góð stemning var í hópnum og hjálpaði sú viðbót sem gerð var við liðið fyrir tímabil vel við það.

Deildin mun halda áfram að efla liðin með nýjum leikmönnum og leikmönnum úr unglingastarfi deildarinnar og er stjórn sannfærð um að bæði lið muni tryggja sér stöðugleika í efstu deildum á næstu árum og að framtíðin sé björt.

Á árinu sem leið varð veruleg fjölgun í hópi iðkenda körfuboltans, sem sýnir þá jákvæðu þróun sem hefur einkennt deildina síðustu ár. Þessi fjölgun hefur reynst okkur áskorun, en barna- og unglingaráð hefur tekið á henni af miklum metnaði, með það að markmiði að tryggja að hver iðkandi njóti athygli sem hann eða hún á skilið. Könnun sem send var út fyrstu vikuna í febrúar fékk góðar undirtektir þar sem um það bil 75% foreldra hópsins tóku þátt. Almenn lítystu foreldrar yfir mikilli ánægju með starfið sem fram fer í deildinni, þá sérstaklega með þjálfara. Hins vegar komu meðal annars fram góðar ábendingar um að æfingaaðstaða og æfingatímar mættu batna.

fjárhagslega sjálfbæra deild. Þessi markmið fólust í að æfingagjöld dygðu til að standa straum af rekstrarkostnaði og launum þjálfara. Einnig var lögð áhersla á að fjáröflunarverkefni yngri flokka styddu við niðurgreiðslu keppnisferða innanlands og æfingaferða erlendis og eiga foreldraráðin mikið hrós skilið fyrir dugnað og hugmyndaauðgi í kringum fjáraflanirnar.

Úrslitaumferð Íslandsmótsins fór fram í maí þar sem haldið var stórt körfuboltamót í minnibolta, flokki 11 ára drengja og stúlkna. Ekki dugði minna en fimm íþróttahús til að halda

mótið enda um 650-700 krakkar sem tóku þátt í mótinu og keppt var í Höllinni, Glerárskóla, Síðuskóla, Giljaskóla og íþróttahúsi Hrafnagilsskóla. Alls voru það 100 lið sem öttu kappi og spilaðir voru um 220 leikir á átta keppisvöllum. Mótið heppnaðist vel og ekki vitað annað en að almenn

ánægja hafi ríkt hjá þeim sem komu á mótið og á það jafnt við um undirbúning, skipulag, dómgæslu og raunar allt utanumhald kringum mótið.

Nettómótið í Reykjanesbæ er einn af stærri körfuboltaviðburðum minniboltaíðkenda hvers árs. Í ár sendi Þór 11 lið og stóðu þau sig

Ný stjórn hefur lagt sérstaka áherslu á að styrkja innviði deildarinnar og samstarf við foreldra

Sem betur fer heldur útikörfuboltavöllum á Akureyri áfram að fjölga en á árinu bættist við glæsilegur völlum fyrir utan Síðuskóla. Við fögnum líka stórum skrefum sem tekin hafa verið í aðstöðumálum deildarinnar með samstarfi við Akureyrarbæ um byggingu nýs íþróttahúss á félagssvæði Þórs, sem mun lyfta aðstöðu ungra iðkenda til nýrra hæða.

Ný stjórn, sem tók við stjórnartaumunum á haustdögum, hefur lagt sérstaka áherslu á að styrkja innviði deildarinnar og samstarf við foreldra, í samræmi við þá stefnu sem lagt hefur verið upp með. Fjárhagur unglingaráðs batnaði mikið á árinu og hefur náð að haldast réttu megin við núllið með því að halda vel utan um útgjöldin. Fjárhagsleg markmið voru skýr og miðuðu að því að tryggja sterkari og





með þrýði. Mótið býður upp á mikilvæga keppnisreynslu fyrir unga leikmenn og er tækifæri fyrir þá að mæta öðrum liðum, bæta leik sinn og deila ástríðu sinni fyrir körfubolta.

Vel heppnað 3 á 3 götukörfuboltamót fór fram í Garðinum hans Gústa í tengslum við Akureyrarvöku. Mótið heppnaðist afar vel og sjálf forsetahjónin, Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid, kíktu við, blönduðu geði við viðstadda og tóku nokkur skot. Fjórtán lið voru skráð til leiks en keppt var í fimm flokkum: 13 ára og yngri (kk og kvk), 15 ára og yngri, 25 ára og eldri og opnum flokki. Fjölmargir áhorfendur lögðu leið sína á völlinn þar sem skífuþeytirinn Jon Faerber hélt uppi dúndrandi körfuboltastemningu auk þess sem heitt var á grillinu.

Þátttaka í Hreinsitæknimótinu fór fram úr björtustu vonum, þar sem Samherjar, Tindastóll og Höttur sendu fjölmörg lið af 6-11 ára

börnum en spilaðir voru 66 leikir á fimm völlum í Höllinni og Glerárskóla á eina og sama deginum.

Nýr tveggja ára samningur um íþróttabúninga var gerður við Craft á árinu en þessi nýi samningur færir okkur ekki aðeins nýja og endurbætta búninga heldur urðu einnig breytingar á aðal-litunum okkar. Nú mun aðalbúningurinn vera með rauðan sem aðallit í stað hvíts en varabúningur með hvítann sem aðallit. Eflaust munu margir foreldrar gleðjast yfir

þessum breytingum þegar kemur að því að halda búningum barnanna hreinum.

Langtímamarkmið deildarinnar eru skýr, að þróa fjölda reynslumikilla og metnaðarfullra þjálfara sem starfa í samræmi við þjálfunarstefnu Þórs og að hver flokkur búi yfir öfluggu foreldraráði til stuðnings við þá.



Hjá barna- og unglingaráði starfa nú tveir yfirþjálfarar, einn verkefnastjóri, sex þjálfarar og tólf aðstoðarþjálfarar, sem er til marks um skuldbindingu deildarinnar við að efla og mennta þjálfarateymi sitt. Langtímamarkmið deildarinnar eru skýr, að þróa fjölda reynslumikilla og metnaðarfullra þjálfara sem starfa í samræmi við þjálfunarstefnu Þórs og að hver

Körfuknattleiksdeild - unglingaráð



flokkur búi yfir öflugu foreldraráði til stuðnings við þá. Unnið er markvisst að því að efla þjálfara með því að bjóða upp á menntun og tækifæri fyrir yngri iðkendur að starfa sem aðstoðarþjálfarar. Sem liður í þessari stefnu bauð deildin, í samstarfi við KKÍ, upp á 1A þjálfaranámskeið fyrir byrjendur. Átján þátttakendur sátu námskeið í Hamri þar sem Snorri Örn Arnaldsson, mótastjóri KKÍ, deildi með þeim þekkingu sinni og stefnum við á að bjóða reglulega upp á slík námskeið til að efla framtíð körfuboltans.

Eitt af aðal markmiðum unglingaráðs er að fjölga iðkendum. Í dag eru iðkendur alls orðnir 280 og hefur drengjum fjölgað um 50 og stúlkum um 20 miðað við tölur frá síðasta ári. Við viljum samt gera enn betur í því að fjölga stúlkum árið 2024. Sótt var um sérstakan styrk frá Íþróttasjóði RANN-

ÍS á árinu til að vinna að þeim markmiðum.

Verkefnið „Uppbygging kvennakörfubolta hjá Þór Akureyri“ hlaut 450.000 kr. styrk frá Íþróttasjóði og mun koma til framkvæmda árið 2024. Það felur í sér þrjár körfuboltabúðir fyrir stúlkur á Akureyri en markmiðið þeirra er að hvetja stúlkur til að prófa körfubolta, læra grundvallartækni, og njóta samvista og hreyfingar í hópi. Þjálfarar og leiðbeinendur frá barna- og unglिंगastarfi



Þórs, auk kvenkyns þjálfara og leikmanna úr meistaraflokki, munu skipuleggja og veita faglega þjálfun í búðunum. Í tengslum við verkefnið er einnig lögð áhersla á að auka sýnileika stúlkna í körfubolta með herferð, þar sem leikmenn meistaraflokks heimsækja skóla og ýmsir viðburðir verða skipulagðir.

Með þessu framsækniverkefni stefnir Íþróttafélagið Þór að því að leggja sitt af mörkum til að efla stöðu kvenna í körfubolta, bæta lífsgæði barna og ungmenna í gegnum íþróttir og stuðla að jafnrétti kynjanna í íþróttum. Þetta verkefni er ekki aðeins fjárfesting í

Með þessu framsækniverkefni stefnir félagið að því að leggja sitt af mörkum til að efla stöðu kvenna í körfubolta, bæta lífsgæði barna og ungmenna í gegnum íþróttir og stuðla að jafnrétti kynjanna í íþróttum.

framtíð kvennakörfuboltans hjá Þór, heldur einnig í heilbrigði og vellíðan ungra stúlkna á Akureyri.

Körfuknattleiksdeild Þórs fór á árinu í fyrsta skipti af stað með leikskólahóp fyrir 3ja-5 ára. Aðalþjálfari hópsins er engin önnur en landsliðskonan okkar og leikmaður meistaraflokks kvenna, Eva Wium Elíasdóttir, og henni til aðstoðar verða hressir og skemmtilegir framtíðarþjálfarar úr yngri flokkum okkar.

Það var mikil gleði og hama-gangur í íþróttahúsi Glerár-skóla þegar landsliðsmaðurinn og Þórsarinn

Tryggvi Snær Hlinason mætti á körfuboltanámskeið sem haldið var til styrktar æfingaferð meistaraflokks kvenna. Um 70 krakkar mættu til að fá leiðsögn í körfubolta, leika sér og hitta Tryggva Snæ. Það var greinilegt að Tryggvi naut sín í hlutverki þjálfarans í samstarfi þjálfara körfuknattleiksdeildarinnar og að sjálfsgöðu fengu þátttakendur áritaða mynd af Tryggva og svo myndatöku með honum.

Í haust voru 12 iðkendur úr yngri flokkum boðaðir í landsliðsverkefni á vegum KKÍ.

Okkar fulltrúar í U15 voru:

Bergvin Ingi Magnússon
Daníel Skjaldarson
Pétur Nikulás Cariglia
María Sól Helgadóttir



Okkar fulltrúar í U16 voru:

Dagur Vilhelm Ragnarsson
Daníel Davíðsson
Emma Karólína Snæbjarnardóttir
Vaka Bergrún Jónsdóttir

Okkar fulltrúi í U18 var:

Hákon Hilmir Arnarsson

Okkar fulltrúar í U20 voru:

Eva Wium Elíasdóttir
Rebeka Hólm Halldórsdóttir
Reynir Róbertsson

Einnig var Alexander Smári Hauksson valin í U20 hóp en Alexander spilaði með yngri flokkum Þórs fyrir tveimur árum en leikur nú með Asker Aliens í efstu deild Noregs.

Körfuknattleiksdeild - unglingaráð



Meistaraflokkur samdi við fjóra unga og bráðefnilega leikmenn sem spilað hafa með yngri flokkum félagsins, þá Arngrím Friðrik Alfreðsson, Fannar Inga Kristínarson, Hákon Hilmi Arnarsson og Viktor Smára

Inguson. Óhætt er að segja að bjart sé fram undan hjá meistaraflokkunum okkar haldi þessi þróun áfram með miklu framboði af ungu og efnilegu íþróttafólki.



PÍLUDEILD





Píluafélagið Þórs hefur verið í örur vexti síðustu ár og var árið 2023 stærsta árið í sögu deildarinnar. Píluafélagið Þórs er stærsta aðildarfélag innan Íslenska pílukastsambandsins hvað varðar fjölda meðlima en í heildina voru 110 meðlimir sem greiddu árgjald.

Áhugi á pílukasti hefur verið mikill síðustu ár og finnur píluafélagið Þórs vel fyrir þeim áhuga og hefur verið unnið gott starf í deildinni síðastliðin ár sem skilar sér í miklum fjölda meðlima. Því miður er mikill húsnæðisvandi hjá deildinni og getur aðstaðan okkar í Laugargötu einungis tekið á mót 64 keppendum hverju sinni. Deildin hefur þurft að setja hámarksfjölda keppenda í mót síðastliðin ár og oft og tíðum eru biðlistar langir að

komast í mót á vegum deildarinnar.

Aðstaðan í Laugargötu er þó með þeim bestu á landinu og megum við vera stolt af henni.

Hvað varðar starf deildarinnar á árinu þá var mikið um að vera.

Skipulagðar æfingar fyrir krakka og unglina á aldrinum 10-16 ára byrjuðu síðastliðið haust og eru nú 25 krakkar að æfa pílukast tvisvar sinnum í viku. Skólaval er einu sinni í viku þar sem krökkum í grunnskólum Akureyrar gefst tækifæri á að koma og prófa pílukast. Hefur það verkefni tekist vel. Verkefni á vegum Akureyrarbæjar sem nefnist "Virk efri ár" hófst á síðasta ári en þar gefst íbúum Akureyrarbæjar sem eru 60 ára eða eldri kostur á að

mæta í aðstöðuna okkar einu sinni í viku og kasta pílum. Góður kjarni hefur myndast sem mætir í hverri viku og hefur gaman af.

Konukvöld eru haldin tvisvar í mánuði á þriðjudagskvöldum til að efla konur í pílukasti, en síðastliðin ár hefur mikill

Píluafélagið Þórs er stærsta aðildarfélag innan Íslenska pílukastsambandsins hvað varðar fjölda meðlima en í heildina voru 110 meðlimir sem greiddu árgjald.



meirihluti innan deildarinnar verið karlmenn. Vel var mætt á konukvöldin og í framhaldi af því var haldið skemmtimót fyrir konur í tilefni af bleikum október. Fimmtíu konur mættu í mótið og rann allt þáttökugjaldið til styrktar Krabbameinsfélagi Akureyrar og nágrennis. Um er að ræða eitt fjölmennasta kvennamót sem haldið hefur verið á Íslandi.

Píludeild Þórs átti tvo keppendur sem tóku þátt í landsliðsverkefni (U18) á árinu. Farið var til Austurríkis og keppt á Eurocup. Níu meðlimir frá píludeild Þórs voru valdir á úrtaksæfingar landsliðs Íslands í pílukasti, fimm karlar og fjórar konur.

Meðlimir píludeildar Þórs voru duglegir að gera sér ferð suður yfir heiðar og taka þátt í hinum ýmsu mótum á vegum ÍPS. Í fyrsta sinn í sögu deildarinnar var sent fullmannað lið á Íslandsmót félagsliða sem haldið var

síðastliðin vetur í Reykjavík, tvö karlalið og eitt kvennalið. Stigasöfnun heilt yfir hefði þó mátt vera betri en markið er sett hátt fyrir næsta liðamót og verða keppendur píludeildar Þórs betur undirbúnir. Það er alveg á hreinu að það styttist í að stóru titlarnir fara koma í Þorpið á næstu árum ef fram heldur sem horfir hjá píludeild Þórs.

Á árinu var í fyrsta skipti ráðinn inn þjálfari í deildina en gengið var frá samningi við Matthías Örn Friðriksson sem er Þórsurum vel kunnugur. Matti hefur átt stóran þátt í því að koma pílukasti á þann stað sem það er á dag á Íslandi og var því mikill fengur fyrir deildina að fá Matta. Hann gerði sér nokkrar ferðir til okkar og var bæði með kynningu á pílukasti fyrir byrjendur og var svo með æfingar fyrir meðlimi og afrekshóp deildarinnar. Afrekshópur deildarinnar telur um 10-15 manns en þar eru aðilar sem hittast



einu sinni til tvisvar í viku og kasta saman undir leiðsögn og æfingum frá Matta.

Innanfélagsmót hjá deildinni voru mörg á árinu. Deildarkeppni einstaklinga, meistaramót, liðamót og skemmtimót. Vel var mætt í

öll þessi mót á síðasta ári og verður höfuðverkur komandi árs að koma öllum þeim sem vilja mæta í mótin í aðstöðuna okkar.

Að lokum viljum við koma því á framfæri að pílukast er fyrir alla, hvetjum við því þá sem hafa áhuga á pílukasti að kíkja til okkar á almennar opnanir á mánudögum og miðvikudögum kl. 19:30 - 22:00.

Pílukast er fyrir alla, hvetjum við því þá sem hafa áhuga á pílukasti að kíkja til okkar á almennar opnanir á mánudögum og miðvikudögum kl. 19:30 - 22:00.

RAFÍP RÓTTA DEILD





Starf rafíþróttadeildar hefur verið mjög gott á liðnu ári, þrátt fyrir að við erum enn að berjast við þjálfarskort.

Íþróttamenn rafíþróttadeildar 2023 voru Árveig Lilja Bjarnadóttir og Stefán Máni Unnarsson.

Við eignuðumst eina landsliðskonu á árinu, Árveig Lilju Bjarnadóttur í Counter Strike.

Við enduðum í 2. sæti í báðum deildarkeppnum efstu deildar í Rocket League og vorum hársbreidd frá Íslandsmeistaratitli þar, en Stefán Máni Unnarsson hefur leitt það lið.

Counter Strike liðið okkar endaði í 2. sæti í Ljósleiðaradeildinni á Stöð 2 esports og einnig enduðum við í 2. sæti í Stórmeistara-

mótinu, sem er bikarkeppni, vorið 2023.

Í liðinu voru Alfreð Leó Svansson (allee), Andri Þór Bjarnason (Rean), Karl Hólmar Clausen Holgerson (miNideGreez), Pétur Örn Helgason (peterr) og Sverrir Hjaltested(Dell1)

Innleiðing á ECA þjálfaraforriti er í gangi og vonumst við til að geta keyrt eftir því núna í haust, samhliða því þarf að endurnýja búnað deildarinnar sem er orðinn fjögurra ára gamall.

Einnig sér deildin um skólaval í rafíþróttum fyrir grunnskóla bæjarins.

Í stjórn rafíþróttadeildar eru Bjarni Sigurðsson formaður, Sævar Eðvarðsson gjaldkeri og Andri Þór Bjarnason ritari.

TAEKWONDODEILD



Starfsemi deildarinnar

Starfsemi Taekwondo-deildar 2023 gengur nokkuð betur en fyrri ár. Deildin er enn lítil en unnið er að uppbyggingu og betri æfingatímar fengust á árinu. Yngri hópur hefur nánast tvöfaldast og verið duglegur að fara suður á mót og æfingabúðir með ágætum árangri.

Í stjórn eru Haukur Fannar Möller sem formaður, Stefanía Hauksdóttir sem gjaldkeri, Björn Heiðar Rúnarsson sem ritari og Þórey Stefánsdóttir og Krístrún Pétursdóttir sem meðstjórnendur.

Áherslur deildarinnar eru eins og áður á barnastarf og hefðbundið Taekwondo. Báðir þjálfarar eru að jafnaði á æfingum.

Beltapróf eru að jafnaði haldin í lok haustannar og vorannar. Próf voru haldin í maí og nóvember á þessu ári og hafði prófdómari orð á bætingu heilt yfir hjá deildinni.

Þjálfarar deildarinnar

Þjálfarar deildarinnar eru Haukur Fannar Möller og Björn Heiðar Rúnarsson.

Iðkendatölur

Taekwondo-deildin er skipt í tvo flokka, yngri (12 ára og yngri) og eldri (13 ára og eldri). Yngri flokkur hefur nánast tvöfaldast en fækkað í eldri hóp

- Yngri: 15 iðkendur
- Eldri: 5 iðkendur

Rekstur

Rekstur deildarinnar gengur vel eins og fyrri ár þar sem iðkendum fjölgaði nokkuð og lítið um föst útgjöld. Á árinu voru helstu útgjöld í

kringum atburði og mótsferðir annars vegar og búnaðarkaup hins vegar. Í búnaðarkaupum er helst að nefna að keyptir voru rúmlega 40 gallar til að eiga á lager og rafmagnsbrynjur sem voru keyptar til æfinga fyrir mót.

- Staða í upphafi árs: 697.234 kr.
- Staða í loka árs: 301.193 kr.

Búningamál

Í Taekwondo er notast við Taekwondo-galla sem eru keyptir frá útlöndum. Á árinu hafa verið keyptir gallar fyrir núverandi iðkendur og gallar til að eiga á lager fyrir nýja iðkendur.

Aðstaða

Deildin æfir í íþróttahúsinu við Oddeyrarskóla eins og áður. Íþróttahúsið hentar æfingum sæmilega en tímar í því eru þétt setnir. Á haustönn fengust betri tímar fyrir yngri hóp ásamt að einn tími fyrir lengra komna bættist við.

Lokaorð

Deildin hefur náð nokkrum árangri á þessu ári og stendur til að fylgja því eftir. Stjórn er nú fullskipuð, fengist hafa betri æfingatímar og búnaður bættur. Fjölgað hefur í yngri hóp og farnar hafa verið sex ferðir á mót og æfingabúðir.

Helstu verkefni ársins 2024 verða að bæta skipulag stjórnar og auka sýnileika deildarinnar.

VIÐBURÐIR

Íþróttafélagið Þór heldur ýmsa viðburði á hverju ári í fjáröflunarskyni.

Á vorin ár hvert er haldið Herrakvöld Þórs. Herrakvöldið hefur stækkað gríðarlega síðustu ár og er orðið einn af stærstu viðburðum félagsins. Kvinnakvöldið hefur einnig stækkað milli ára og er haldið undir merkjum bæði Þórs og KA og er til styrktar boltagreinum félaganna.

að hafa dagsmót yfir í helgarmót árið 2024. Mótið er fjáröflun fyrir meistaraflokk kvenna og karla í körfubolta en það er öflugur hópur sjálfboðaliða sem hefur haldið vel utan um viðburðinn síðustu ár.

Goðamót Þórs í knattspyrnu hafa verið haldin undanfarin 20 ár, fjögur slík mót eru haldin á hverjum vetri í Boganum í 5. og 6. fl. kk og kvk. Á Goðamótin koma lið hvaðanæva af



Pollamót Samskipa í fótbolta er haldið í byrjun júlí ár hvert. Keppendur á mótinu síðustu ár hafa verið tæplega 900 og hefur mótið tekist virkilega vel en til að láta slíkan viðburð ganga upp þarf gott skipulag og fjölmarga Þórsara, jafnt starfsfólk og sjálfboðaliða.

Pollamót í körfubolta er haldið á haustin og hefur farið stækkandi á milli ára. Segja má að mótið hafi sprungið haustið 2023 með um 200 þátttakendum og því er fyrirhugað að fara úr því



landinu til að spreyta sig.

Félagið okkar býr vel að frá-bæru fólki og færir félagið hér með starfsfólki Þórs og sjálfboðaliðum á vegum Þórs og Þórs/KA bestu þakkir fyrir framlag til þeirra viðburða sem félagið heldur ár hvert. Án þessa fjölmenna hóps væri ekki hægt að halda slíka viðburði.

Einnig þakkar félagið öllum þeim frábæru styrktaraðilum sem koma að viðburðinum á einn eða annan hátt.



ÍPRÓTTAFÓLK ÞÓRS

Maddie Sutton (körfubolti)
og Sandra María Jessen
(knattspyrna, Þór/KA)
urðu jafnar í kjörinu og eru því
báðar íþróttakona Þórs 2023.
Elmar Freyr Aðalheiðarson
(hnefaleikar) er íþróttakarl Þórs.







LÁTNIÐ FÉLAGAR

Það er óhætt að segja að árið 2023 hafi verið okkur Þórsurum erfitt þegar horft er til þess sem við nú fjöllum um, andlát félaga okkar.

Mér er til efs að nokkru sinni áður höfum við Þórsarar þurft að horfa á bak svo mörgum ungum félögum í blóma lífsins sem raun ber vitni og sársaukinn nísti oft inn að beini á síðastliðnu ári.

Ennfremur sá félagið á bak nokkrum eldri félagsmönnum sem sannarlega hafa varðað veginn.

Á þeim sorgarstundum sem við upplifðum alltof oft á liðnu ári kom þó í ljós að félagið okkar er sem ein stór fjölskylda þegar áföll dynja yfir. Sá mikli styrkur félagsins sem er og var svo áþreifanlegur á erfiðum tíma er svo dýrmætur og er sannarlega huggun harmi gegn.

Við andlát félaga hjá Íþróttafélaginu Þór fara í gang ákveðnir verkferlar sem orðunefnd félagsins stýrir, og alltaf eru ferlarnir unnir í

nánu samstarfi og samvinnu við aðstandendur hins látna og aðkoma og stuðningur félagsins boðin sé þess óskað. Félagið leggur sig í líma við að sýna látnum félögum virðingu og aðstandendum samúð og stuðning sem mest og best.

Á árinu 2023 létust eftirtaldir félagar sem okkur Þórsurum nær og fjær er nú ljúft og skilt að minnast.

Ágúst Lárusson

lést þann 2. mars. einungis 43ja ára að aldri.

Ágúst lék og starfaði innan handknattleiksdeildar Þórs frá unga ára aldri. Fyrst sem iðkandi í yngri flokkum og síðar sem leikmaður meistaraflokks í handbolta um árabíl. Þá kom hann einnig að starfinu sem þjálfari, stjórnarmaður, foreldri, fararstjóri og stuðningsmaður. Ágúst tók sæti í unglingaráði handknattleiksdeildar Þórs árið 2018 en fór svo yfir í þjálfun árið 2019 og hefur hann þjálfað bæði 5. og 6. flokk hjá félaginu síðan þá.

Stefán Arnar Gunnarsson

lést þann 2. apríl aðeins 45 ára að aldri.

Arnar Gunnarsson eins og hann var alltaf nefndur var sannarlega einn almesti Þórsari sem til er og hans verður minnst fyrir það að fáir báru hag félagsins meir fyrir brjósti en einmitt Addi Gunnars. Hann stundaði ungur handknattleik hjá félaginu og síðar starfaði hann sem handknattleiksþjálfari hér hjá okkur og svo síðar fyrir sunnan. Hugur Adda var þó alltaf hér, heima í þorpinu og fylgdist hann vel með félaginu sínu og studdi Þór til hinstu stundar.

Ívar Sigurjónsson

lést þann 29. maí 76 ára að aldri.

Ívar Sigurjónsson eða Íbbi í Byko eins og við þekktum hann var mikill Þórsari alla tíð og hér fyrrum starfaði hann í knattspyrnudeild félagsins og var mjög öflugur liðsmaður. Íbbi var m.a. einkar laginn við fjáröflun fyrir deildina og lagði til dágott verk við það sem sannarlega er ekki öllum gefið. Eins var alltaf

gaman að hitta Íbba á förnum vegi og þessi hviki maður smitaði út frá sér með glaðværð sinni og hressileika.

Jónas Hallgrímsson

lést þann 21. júní 76 ára að aldri.

Jónas var eins og margir mætir drengir og stúlkur, eðal Þórsari og alltaf tilbúinn að leggja félaginu sínu lið og skipti þá ekki svo miklu hvar eða við hvað, ætíð fús að starfa og

víða kom hann við blessaður á sinni leið.

Jónas starfaði við handknattleiksdeild Þórs og var t.d. oft tímavörður á heimaleikjum félagsins og einmitt þaðan höfum við heyrt af samstarfsfólki hans hve vandaður og traustur Jónas var og góður félagi.

Árið 1983 var Jónas ráðinn framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Þórs og starfaði hann þar til ársins 1988. Var þetta á einhverjum mestu og bestu uppgangsárum knattspyrnuliðs okkar og þar fór saman öflugur leiðtogi, Jónas Hallgrímsson, sem hélt einkar vel utan um alla hluti, og ferskur hópur knattspyrnumanna félagsins sem nú minnast Jónasar fyrir einkar góð kynni og vináttu.

Karles Randversson

lést þann 17. júlí 66 ára að aldri.

Karles var einn aldyggasti stuðningsmaður Þórs alla tíð og sótti jafnan leiki félagsins og studdi félagið með ráðum og dáð. Karles var einn af þeim sem ekki fór mikið fyrir en unni félaginu frá unga aldri og bar merki félagsins stoltur mjög.

Sigurður Baldvin Friðriksson

lést þann 4. ágúst 80 ára.

Þótt sannarlega megi segja að afrek Sigurðar sjálfs á Íþróttasviðinu séu ekki mörg, er alveg óhætt að segja að hann skilaði Íþróttafélaginu Þór miklum og verðmætum fjársjóði í börnum sínum sem flestöll stunduðu hinar ýmsu íþróttagreinar undir merkjum Þórs svo eftir var

tekið, og svo eru barnabörnin, já og barna-
barnabörnin á ýmsum aldri orðnir öflugir liðs-
menn og félagar í Þór.

Framlag Sigurðar og eftirlifandi eiginkonu
hans, Drafnar Þórarinsdóttur, til félagsins er
því mikið og á meðan Sigurður sótti björg í bú
á sjónum fylgdi Dröfn börnunum eftir í starfinu
hjá Þór og sjálf lagði hún til hjálparhönd á
hinum ýmsu stundum. Það er því sannarlega
þakkarverð aðkoma þeirra hjóna að Þór og
lengi enn mun arfleifð þeirra halda merki for-
feðranna á lofti undir merkjum félagsins.

Eiríkur Bjarnar Stefánsson

lést þann 5. ágúst 93ja ára.

Í upphafi hvers árs við lok jólahátíðar hélt
Íþróttafélagið Þór þrettándagleði hér í bæ og
má rekja þennan sið allt til ársins 1933.

Það var einmitt á þrettándagleði félagsins á
síðustu öld sem leitað var til Eiríks Stefáns-
sonar að taka að sér að vera í hlutverki Álfa-
kóns og það hlutverk var hans um langt
skeið. Þar naut falleg söngrodd Eiríks sér
mest og best.

Fögur rödd álfakonungsins Eiríks ómaði um
þorpið við leik og söngva álfa og trölla sem og
stór bálköstur logaði á svæðinu. Eiríkur
hjalpaði ötullega til við öflun brennuefnis í
bálköstinn og kom að öðrum undirbúningi

þrettándagleðinnar. Það var gott fyrir okkur
Þórsara að eiga Eirík að. Eiríkur Bjarnar var
sæmdur gullmerki Íþróttafélagsins Þórs árið
2015.

Helgi Rúnar Bragason

lést þann 27. ágúst 47 ára að aldri.

Við Þórsarar vorum svo lánsamir að fá að
njóta krafta Helga Rúnars um árabíl en hann
var afburðagóður körfuknattleiksþjálfari og
almennur leiðbeinandi eins og þeir gerast
bestir. Eftir að Helgi flutti til Akureyrar tók
hann að sér þjálfun yngri flokka Þórs í körfu-
bolta og sinnti því starfi af alúð og af mikilli
natni.

Helgi þjálfaði yngri flokka félagsins allt til
ársins 2017 er hann tók þjálfun meistaraflokks
kvenna og stýrði hann liðinu í tvö tímabil með
frábærum árangri.

Helgi hafði afar gott auga og næmni fyrir
ungum og efnilegum leikmönnum og var hann
óhræddur við að gefa þeim tækifæri á að
sanna sig innan vallar sem utan. Því má með
sanni segja að Helgi Rúnar eigi stóran þátt í
velgengni kvennaliðs Þórs sem vann sér inn
þátttökurétt í deild þeirra bestu í vor. Því
skyldi engan undra að það yljaði Helga um
hjartaræturnar að sjá liðið tryggja sér sæti í
efstu deild, lið sem hann átti svo stóran hlut í.

Fyrir störf sín hjá Þór var Helga veitt silfur-
merki Þórs í afmælishófi félagsins þann 6.
júní síðastliðin. Við sama tækifæri var eftirlif-
andi eiginkonu Helga, Hildi Ýr Kristinsdóttur,
veitt bronsmerki félagsins en þau hjónin voru
afar dugleg í sjálfbóðastarfi hjá félaginu. Dóttir
Helga og Hildar er Karen Lind, körfuknatt-
leikskona að sjálfsögðu.

Helgi Rúnar var starfandi framkvæmdastjóri
ÍBA frá árinu 2018 en var í veikindaleyfi
síðustu misserin eftir að hann greindist með
krabbamein.

Tinna Björg Malmquist

Gunnarsdóttir lést þann 15. september einungis 40 ára að aldri.

Tinna Björg var fædd inn í Þórsfjölskylduna og var alla tíð mikill Þórsari, alin upp í anda Þórs og þekkti ekkert annað en Þór og aftur Þór. Tinna Björg stundaði íþróttir með félaginu á sinni tíð enda rætur hennar svo samofnar allri sögu Íþróttafélagsins Þórs. Hún starfaði í unglingaráði félagsins með börnum sínum og var eins og segja má heimagangur hér í félagsheimilinu okkar og mætti hverjum sem var hér á göngunum með sínu fallega brosi og hlýrri nærveru.

Magnús Geir Guðmundsson

lést seint í september 57 ára að aldri.

Magnús gat ekki vegna sjónskerðingar sinnar allt sitt líf, tekið þátt í íþróttum eins og bræður hans og frændfólk gerðu, og gera enn og það að sjálfsgöðu undir merkjum Þórs, en hins vegar var hugur Magnúsar alltaf við íþróttir og hann fylgdi Þór að málum eins og hann átti kyn til, kominn út af mikilli Þórsfjölskyldu af Oddeyri.

Magnús var sannarlega dæmi um mann sem stundaði sínar íþróttir í huganum og sýndi okkur að allir geta verið með og dyggari stuðningsmaður Þórs er vandfundinn.

Magnús tók þátt í umræðum um málefni félagsins á samfélagsmiðlum, var einkar málefnalegur og ritfær og studdi okkur Þórsara í stóru sem smáu og sannarlega var hugur hans alla tíð í okkar hópi, og gladdist hann alltaf er vel gekk og hvatti okkur til dáða þegar á brattan var að sækja.

Dagbjört Elín Pálsdóttir

lést 18. október aðeins 43 ára að aldri.

Dagbjört Elín fékk það í vöggugjöf að vera og verða Þórsari allt sitt líf, og þar réði för faðir Dagbjartar, Páll Jóhannesson, sem eins og allir vita er einn al mesti Þórsari sem til er og nú heiðursfélagi í Þór.

Í því ljósi var annað heimili Dagbjartar og systkina á stundum Þórsheimilið Hamar og þannig lærðu börnin meðal annars þau góðu gildi er Þór stendur fyrir.

Dagbjört var öflugur liðsmaður okkar Þórsara og skilaði dágóðu starfi í uppeldinu til félagsins, í sjálfum sér í körfu og fótbolta hér fyrrum, sem og síðar þegar hún sjálf fór að fylgja börnum sínum í barna- og unglingsstarfi Þórs. Þar munaði svo sannarlega um Dagbjörtu. Dagbjört var einnig starfsmaður félagsins í Hamri um skeið.

Halla Sólveig Sigurgeirsdóttir

lést þann 15. desember 64ra ára að aldri.

Halla Sólveig var af miklum Þórsurum komin og öll hennar fjölskylda er svo samofin sögu félagsins að örlög hennar voru ráðin í vöggju, Þórsari skyldi stelpan verða alla tíð. Sólveig stundaði íþróttir hjá félaginu og var liðtæk handknattleikskona um nokkurra ára skeið. Einnig og síðar starfaði hún með börnum sínum í Fimleikafélagi Akureyrar.

Við minnumst allra þessarra góðu látnu félaga okkar með virðingu og þökk og við Þórsarar allir, sendum öllum ástvinum þeirra okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Munum að minningin lifir.

LÖG ÍPRÓTTAFÉLAGSINS ÞÓRS

1. grein

Félagið heitir Íþróttafélagið Þór. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. grein

Tilgangur félagsins er að gefa ungum sem öldnum tækifæri til íþróttaiðkana og félagsstarfa og veita þeim fræðslu um gildi íþróttar og heilbrigðra lífshátta.

3. grein

Allir sem æfa íþróttir innan deilda félagsins gerast sjálfkrafa félagar í viðkomandi deild og jafnframt félaginu. Aðrir sem vilja gerast félagar sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og þurfa þeir að hljóta samþykki aðalstjórnar. Við greiðslu árgjalds öðlast viðkomandi fulla félagsaðild í Þór.

4. grein

A) Heiðursfélagi getur stjórn félagsins kosið, þann mann eða konu sem hún telur að hafi unnið félaginu eða íþróttahreyfingunni sérstaklega vel. Heiðursfélagi skal kosinn með samhljóða atkvæðum allra stjórnarmanna. Heiðursfélagar eru gjaldfrjálssir gagnvart félaginu en njóta fullra félagsréttinda.

B) Heiðursformann getur stjórn félagsins kosið á sama hátt og heiðursfélagi.

Heiðursformaður Þórs hefur rétt til að sitja stjórnar- og nefndafundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Þá er stjórninni heimilt að veita sérstök heiðursmerki, merki félagsins í gulli, silfri eða bronsi til þeirra einstaklinga sem stjórnin telur að unnið hafi félaginu sérstaklega vel.

5. grein

Stjórn félagsins skal samþykkja eða hafna stofnun nýrra deilda og leita staðfestingar á ákvörðun sinni á félagsfundi sem skal boðaður innan tveggja vikna frá ákvörðun með sama fyrirvara og aðalfundur. Afmarka skal hvaða íþróttgreinar falla innan hverrar deildar.

6. grein

Hver deild skal hafa minnst þriggja manna stjórn: Formann, ritara og gjaldkera. Auk þess er heimilt er að kjósa meðstjórnendur. Skal aðalfundur hvernar deildar taka ákvörðun þar um.

7. grein

- A)** Aðalfundi deilda skal halda áður en aðalfund félagsins. Aðalfundur deildar telst lögmætur sé hann auglýstur opinberlega með minnst sjö daga fyrirvara.
- B)** Stjórnir deilda skulu senda aðalstjórn dagskrá aðalfunda ásamt starfsskýrslu.
- C)** Dagskrá aðalfundar deilda skal vera þannig:
1. Skipaður fundarstjóri og fundarritari.
 2. Skýrsla formanns.
 3. Skýrsla gjaldkera, ársreikningur lagður fram.
 4. Starfsemi unglingaráðs.
 5. Kosningar.
 6. Önnur mál.
- D)** Stjórnir deilda skulu um miðjan nóvember ár hvert skila til aðalstjórnar fjárhagsáætlun fyrir komandi reikningsár.

8. grein

Rekstraráætlanir deilda skulu lagðar fyrir aðalstjórn til umsagnar a.m.k. tveimur mánuðum fyrir upphaf keppnistímabils viðkomandi deildar.

9. grein

A) Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember. Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert og telst hann lögmætur sé hann auglýstur opinberlega með minnst sjö daga fyrirvara.

Á aðalfundi skal formaður gefa greinargóða skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári. Einnig skal leggja fram ársreikning félagsins, yfirfarinn og áritaðan af endurskoðendum, til samþykktar. Áritaður ársreikningur skal liggja frammi á skrifstofu félagsins til skoðunar fyrir félagsmenn frá þeim tíma er auglýsing um aðalfund birtist.

B) Aðalstjórn félagsins er skipuð formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara, þremur meðstjórnendum og tveimur varamönnum. Formaður aðalstjórnar skal kosinn sérstaklega.

Sé enginn kjörinna aðalstjórnarmanna á aldrinum 16 til 25 ára skal kjósa einn áheyrnarfulltrúa ungs fólks í aðalstjórn.

Aðrir stjórnarmenn og varamenn skulu kosnir til tveggja ára þannig að þrír aðalmenn og einn varamaður eru kosnir hvert ár. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Varamenn hafa ávallt rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt og skulu því boðaðir á alla fundi aðalstjórnar.

Að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund skal stjórn félagsins skipa þriggja manna kjörnefnd, sem hefur það hlutverk að sjá til þess að a.m.k. einn frambjóðandi sé til hvers þeirra embætta sem kjósa skal í.

Koma má með uppástungur um menn í þessi embætti og skal það gert með samþykki þeirra. Fara skal fram leynileg kosning liggja fyrir framboð eða uppástungur um fleiri en einn í formannssæti, fleiri en þrjá í stjórn eða fleiri en einn varamenn.

Aðalstjórn tekur á daglegum rekstri félagsins og fundar eins oft og þurfa þykir.

Framkvæmdastjóri félagsins skal sitja fundi aðalstjórnar. Formenn allra deilda félagsins hafa rétt til setu á fundum aðalstjórnar, að hluta eða öllu leyti, eftir því sem umfjöllunarefni hverju sinni gefa tilefni til. Þeir hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum aðalstjórnar. Heimilt er að annar úr stjórn deildar sitji fund aðalstjórnar ef formaður er forfallaður.

Aðalstjórn skal jafnframt minnst einu sinni á ári funda með stjórn hvernar deildar um málefni og framtíð deildarinnar og skal tímasetning slíkra funda taka mið af starfsemi og verkefnum hvernar deildar fyrir sig.

Atkvæðisrétt öðlast félagar við 16 ára aldur, hafi þeir greitt árgjald og séu skuldlausir við félagið.

C) Dagskrá aðalfundar Þórs skal vera þannig:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár.
3. Skýrsla gjaldkera, ársreikningur lagður fram tilsamþykktar.
4. Tillögur um lagabreytingar, sem löglega eru fram komnar.
5. Kosningar.

6. Ákvörðun árgjalds.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Önnur mál.

10. grein

Stjórn félagsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið ef efni og aðstæður leyfa. Óheimilt er að sitjandi formaður eða aðrir stjórnarmenn gegni starfi framkvæmdastjóra.

11. grein

- A)** Aðalstjórn hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda.
- B)** Formaður er málsvari félagsins ásamt stjórn, staðfestir fundargerðir ásamt ritara og gætir eigna félagsins og þeirra verðlaunagripa er það varðveitir.
- C)** Ritari færir gjörðabók stjórnar- og félagsfunda, annast bréfaskriftir og varðveitir bréf og skjöl félagsins.
- D)** Gjaldkeri ber ábyrgð á að bókhald tekna og gjalda sé í samræmi við gildandi lög og bókhaldsreglur. Enn fremur sér hann um eftirlit með því að rekstur félags og deilda sé í samræmi við samþykktar áætlanir.
- E)** Formanni, ritara og gjaldkera er heimilt að fela framkvæmdastjóra hluta starfa sinna, með samþykki stjórnar.
- F)** Aðalstjórn getur skipað menn í nefndir og ráð á vegum félagsins. Stjórn félagsins setur hverri nefnd eða ráði starfsreglur.

12. grein

- A)** Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem stjórninni þykir nauðsyn bera til, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Stjórnarfundur er því aðeins ákvörðunarbær að meirihluti stjórnarmanna sæki fundinn. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess kostur. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum þessum eða lögmætum fyrirmælum. Stjórnin skal halda gerðabók um það sem tekið er fyrir á fundum hennar og skulu fundargerðir staðfestar með undirskrift þeirra er sátu fundinn.
- B)** Stjórn félagsins skal boða til félagsfundar þegar hún telur þess þörf eða þegar minnst

20 félagsmenn, 16 ára og eldri sem eru ekki í vanskilum við félagið, krefjast þess skriflega með tilvísun í fundarefni. Þegar lögmæt krafa er fram komin skal stjórnin boða til fundar innan viku með viku fyrirvara.

13. grein

Engum félaga er heimilt að keppa með öðru félagi nema að fengnu leyfi viðkomandi deildar.

14. grein

Upphæð árgjalds skal ákveðin á aðalfundi. Innheimta skal árgjald með rafrænum hætti, jafnframt því að vekja athygli á því með auglýsingum í staðarmiðlum. Gjaldþagi árgjalds skal vera ákveðinn af stjórn en þó eigi síðar en 1. september og eindagi 30 dögum síðar. Vextir skulu aldrei reiknaðir á árgjald.

Við greiðslu árgjalds öðlast/viðheldur félagsmaður fullri félagsaðild og hefur atkvæðisrétt á næsta aðalfundi og öðrum félagsfundum fram til innheimtu næsta árgjalds. Nýir félagsmen hafa því aðeins atkvæðisrétt á aðalfundi að þeir hafi gengið í félagið og greitt árgjaldið að minnsta kosti þremur dögum fyrir aðalfund.

Sé árgjald ógreitt á eindaga missir viðkomandi félagsréttindi sín. Sé árgjald eigi greitt einu ári eftir eindaga skal viðkomandi strikaður út af félagatali Þórs. Æski viðkomandi að ganga aftur í félagið skal hann greiða fyrra árgjald. Þá fyrst getur hann öðlast full félagsréttindi í Þór að nýju.

15. grein

Vilji félagsmaður segja sig úr félaginu skal hann tilkynna það til stjórnar eða skrifstofu félagsins og er þar með strikaður út af félagatali. Félagsmenn sem ekki greiða árgjaldið eru áfram skráðir í félagið, án þess þó að teljast fullgildir félagar með atkvæðisrétt á aðalfundi.

16. grein

Verði einhver félagi sekur um afbrot sem stjórnin telur félaginu eða íþróttahreyfingunni til vanvirðingar, þá getur hún vikið honum úr félaginu eða gripið til annarra viðeigandi ráðstafana.

17. grein

Merki félagsins skal vera á öllum búningum þess. Deildir geta sótt um undanþágu frá þessu til aðalstjórnar. Aðalbúningur félagsins í boltaíþróttum er hvít skyrta með rauðu hálsmáli og rauðum líningum á ermum, rauðar buxur og rauðir eða hvítir sokkar. Stjórnnum deilda er heimilt að sækja um til aðalstjórnar að búningur deildar sé í öðrum litum en aðalbúningur félagsins.

Enginn má nota merki félagsins án samþykkis aðalstjórnar Íþróttafélagsins Þórs.

18. grein

Hætti félagið störfum eða það lagt niður, ber að afhenda allar eigur þess, bækur og skjöl, stjórn ÍBA til varðveislu (eða bæjarsjóðs Akureyrar hafi félagið hlotið framkvæmdastyrk frá Akureyrarbæ).

19. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þurfa þá að minnsta kosti 2/3 hlutar fundarmanna að vera breytingunum samþykkir. Frumvörp til lagabreytinga þarf að tilkynna stjórn félagsins skemmst tveim vikum fyrir aðalfund og enn fremur þarf að geta þeirra í aðalfundarboði. Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim eru úr gildi numin öll eldri lög Íþróttafélagsins Þórs.



AÐALSTJÓRN ÞÓRS

adalstjorn@thorsport.is

Nói Björnsson formaður

Ragnar Níels Steinsson varaformaður

Þorgils Sævarsson ritari

Unnsteinn Jónsson gjaldkeri

Þóra Pétursdóttir meðstjórnandi

Eva Halldórsdóttir meðstjórnandi

Íris Ragnarsdóttir meðstjórnandi

Sigurður Bjarnar Pálsson varamaður

*

HANDKNATTLEIKSDEILD

Stjórn

handbolti@thorsport.is

Kristján Gylfason formaður

Benedikt Ármannsson gjaldkeri

Nína Jensen ritari

Guðbjörg Anna Björnsdóttir meðstjórnandi

Sara Hrönn Viðarsdóttir meðstjórnandi

Unglingaráð:

Páll Pálsson formaður

Anna Kristín Magnúsdóttir gjaldkeri

Bjarni Pétursson meðstjórnandi

Inda Björk Gunnarsdóttir ritari

Kristinn Frímann Jakobsson meðstjórnandi

Guðrún Arngrímsdóttir meðstjórnandi

HNEFALEIKADEILD

hnefaleikar@thorsport.is

Sævar Ingi Rúnarsson formaður

Marta María Kristjánsdóttir fjaldkeri

Hreinn Viðar Gunnlaugsson ritari

Einar Kristinn Brynjólfsson meðstjórnandi

KEILUDEILD

keila.sthorn@thorsport.is

Björgvin Helgi Valdimarsson formaður

Guðmundur Konráðsson varaformaður

Höskuldur Stefánsson gjaldkeri

Ólafur Þór Hjaltalín ritari

Jörgen Sigurðsson meðstjórnandi

Sigurður Óli Jónsson meðstjórnandi

KNATTSPYRNUDEILD

Stjórn

knattspyrna@thorsport.is

Sveinn Elías Jónsson formaður

Ingi Hrannar Heimisson varaformaður ur

Sigurður Grétar Sigurðsson gjaldkeri

John Cariglia ritari

Aðalgeir Axelsson meðstjórnandi

Óðinn Svan Óðinsson meðstjórnandi

Ragnar Hauksson meðstjórnandi

Unglingaráð

knattspyrna.unglingarad@thorsport.is

Fjalar Úlfarsson formaður
Heiðís Rósa Sigurjónsdóttir gjaldkeri
Guðríður Sveinsdóttir meðstjórnandi
Halldóra Kristín Hauksdóttir meðstjórnandi
Jóhann Þórhallsson meðstjórnandi

Stjórn Þórs/KA

thorka@thorka.is

Dóra Sif Sigtryggisdóttir formaður
Nanna Dröfn Björnsdóttir varaformaður
Steinunn Heba Finnsdóttir gjaldkeri
Guðrún Una Jónsdóttir ritari
Kristín Elva Viðarsdóttir meðstjórnandi

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Stjórn

karfan.stjorn@thorsport.is

Stefán Þór Pétursson formaður
Hildur Ýr Kristinsdóttir varaformaður
Jóhann Jónsson ritari
Snæbjörn Kristjánsson gjaldkeri
Einar Örn Aðalsteinsson meðstjórnandi
Jón Ingi Baldvinsson meðstjórnandi
Kristín María Stefánsdóttir meðstjórnandi

Unglingaráð

karfan.unglingarad@thorsport.is

Einar Magnús Einarsson formaður
Þórey Kristín Aðalsteinsdóttir varaformaður
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir gjaldkeri
Valgerður Daníelsdóttir ritari
Auður Karen Gunnlaugsdóttir meðstjórnandi
Tómas Sævarsson meðstjórnandi

PÍLUDEILD

pila@thorsport.is

Davíð Örn Oddsson formaður
Björk Viðarsdóttir gjaldkeri
Viðar Valdimarsson meðstjórnandi
Hrefna Sævarsdóttir meðstjórnandi
Ingi Þór Stefánsson meðstjórnandi
Óskar Jónasson meðstjórnandi

RAFÍPRÓTTADEILD

rafithrottir@thorsport.is

Bjarni Sigurðsson formaður
Sævar Eðvarsson gjaldkeri
Andri Þór Bjarnason meðstjórnandi

TAEKWONDO-DEILD

taekwondo.yfirthjalfari@thorsport.is

Haukur Fannar Möller formaður
Stefanía Hauksdóttir gjaldkeri
Björn Heiðar Rúnarsson ritari
Kistrún Pétursdóttir meðstjórnandi
Þórey Stefánsdóttir meðstjórnandi

